

Bstj. 16. mars 2010

Borgarstjórn Reykjavíkur 16. mars 2010

Forseti: Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur þriðjudaginn 16. mars árið 2010, kl. 14:00 nákvæmlega. Og á dagskránni er 1. liður núna; þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013, þetta er seinni umræða. Til máls tekur hestvirtur borgarstjóri.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Við tökum hér til umræðu í annað sinn frumvarp að þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar 2011-2013. Ræddum það oddvitarnir á síðasta fundi og fórum yfir svona sérkenni þessarar áætlunar sem auðvitað endurspeglast í þeirri stöðu sem að íslenskt samfélag og um leið sveitafélögin búa við. Og eins og ég gerði grein fyrir í fyrri ræðu minni við fyrri umræðu, byggir þriggja ára áætlun á grunni fjárhagsáætlunar ársins 2010 og styðst við hana og fylgir einnig þeirri stefnumörkun sem þar var sett um að standa vörð um grunnþjónustu við borgarbúa og forgangsráða í þágu þess sem mestu skiptir; barna, ungmenna og velferðar. Þetta eru auðvitað þau atriði sem að mestu skipta og við hér í Borgarstjórn Reykjavíkur höfum verið sammála um. Þriggja ára áætlun gerir líka eins og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs ekki ráð fyrir því að skattar verði hækkaðir í Reykjavík, hvorki útsvar né fasteignaskattar og haldið verði uppi atvinnustigi eins og kostur er hér í höfuðborginni.

Við fyrstu umræðu, hæstvirtur forseti, gerði ég einnig að sérstöku umtalsefni þrönga stöðu í efnahagsmálum og þá óvissu sem ríkir um þróunina á næstu árum. Þessi ytri skilyrði öllsömul hafa auðvitað áhrif á stöðu og horfur í fjármálum Reykjavíkurborgar. Og eins og við öll vitum hér og aðrir einnig að þá er erfitt að spá um framtíðina á þessum óvissutímum, allavega að spá um hana svo áreiðanlegt sé, þó auðvitað séum við öll að reyna að lesa í stöðuna. En óvissa í íslensku atvinnulífi er ekki nýtt fyrirbæri. Mikil óvissa hefur yfirleitt verið í þessu landi okkar um aflabrögð og ekki verið á vísan að róa með afurðarverð og fleira sem að hefur haft mikil áhrif á okkar stöðu. Og við þessa óvissu bætist síðan mikil óvissa um fjármögnun, gengi og afkomu fyrirtækja og heimila. Staðreynd málsins er líka sú að ekki hefur tekist af hálfu ríkisvalds eða Alþingis að leiða okkur frá þessari óvissu eða teikna upp mynd framtíðarinnar þannig að hún sé örugg. Stefnan er þannig nokkuð reikul og orðræðan ber vott um ákveðna svartsýni því miður og ákveðið óöryggi.

Í þriggja ára áætlun er okkur lagt fyrir með lögum að fjalla um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins út frá eins raunhæfum forsendum og

unnt er við þær aðstæður. Á hvaða leið við eru, hver er líkleg framvinda og það sem að eins og ég nefndi áðan, þar sem að lítil leiðsögn er fyrir sveitarfélögin í landinu. Efnahagsspá fjármálaráðuneytisins frá því í haust hefur tildæmis ekki verið uppfærð svo sem venja hefur verið til. Ekki mun vera von á nýrri þjóðhagsspá fyrr en í fyrsta lagi í vor og óumdeilt er þó að ríkisvaldið ber ábyrgð á hagstjórninni og á að vera leiðandi í greiningu á efnahagsaðstæðum og hefur þannig skyldu til að leggja fram sem raunhæfastar og haldbærastar þjóðhagsspár. Og við vonumst til þess hér á þessum vettvangi eins og víða annars staðar að þar fari sú vinna að taka á sig sterkari mynd, þannig að við getum stuðst betur við það. Nýlega birti hins vegar ASÍ efnahagsspá sína og telur í sínum plöggum að atvinnuleysi verði áfram 9-10%, jafnvel þótt miklar fjárfestingar muni glæða hagvöxt árið 2012. Skilaboð ASÍ til ríkisstjórnarinnar eru skýr krafa um atvinnuskapandi aðgerðir. Seðlabankinn er heldur bjartsýnni á atvinnuástand og reiknar með að atvinnuleysi fari niður í 6,8% með auknum hagvexti.

Ég ætla ekki að ræða frekar þessar spár en það sem upp úr stendur er óvissan og sá munur sem að sannanlega er á þeim spám sem að við höfum aðgang að. En eins og ég sagði áðan þá duga þessar spár skammt sem nesti til þess að leggja fram nýjar og breyttar forsendur fyrir þriggja ára áætlun sveitarfélaganna og þar með talið Reykjavíkurborgar. Líklegustu forsendur þriggja ára áætlunar Reykjavíkurborgar eru ennþá einfaldlega þær sem fjárhagsáætlun 2010 byggir á er varðar tekjuþróun og þróun helstu hagstærða sem áhrif hafa á búskap borgarinnar. Sum sveitarfélög í kringum okkur reyndar gera ráð fyrir hlutum eins og vaxandi skatttekjum á næstu árum og sýna þannig bætta hag síns sveitarfélags. Ég er ekki viss um að það þjóni hagsmunum Reykjavíkurborgar að þyrlla upp slíkum forsendum og ég er heldur ekki viss um að það sé gagnlegt eða ábyrgt að draga upp af handahófi forsendur fyrir mismunandi sviðsmyndir, sem ekki er hægt að rökstyðja sem líklegar, til þess þurfum við einfaldlega að hafa fastara land undir fótum. Ég vil þó ítreka að ég hef falið fjármálaskrifstofu og borgarhagfræðingi að stilla upp sviðsmyndum þegar ný þjóðhagsspá ríkisins liggur fyrir og verður sú vinna að sjálfsögðu kynnt borgarfulltrúum.

Borgarfulltrúar, forseti. Það er margt á döfinni á sveitarstjórnarstiginu og í hönd fara spennandi tímar. Umræður eru um tilfærslur málaflokka frá ríki til

sveitarfélaga, en í þeim efnum má ekki rasa um ráð fram og sveitarfélögin þurfa auðvitað að vera viss um að verkefnaflutningar séu að fullu fjármagnaðir. Þetta ræddum við og vorum sammála um á borgarstjórnarfundi fyrir nokkru. Og fjárhagsstaða sveitarfélaganna augljóslega leyfir ekki aukna áhættu að þessu leyti. Þetta sáum við nú í umræðunni um Álftanes og fleiri sveitarfélög, þar sem við erum að sjá ýmis áhrif af þeirri stöðu sem í gangi er, en líka þeim ákvörðunum sem hafa verið teknar á fyrri stigum og er alveg augljóst að það þarf ákveðna endurskoðun á sveitarstjórnarlögum til þess að herða eftirlit og auka upplýsingar og svo framvegis til að við lendum ekki í því aftur. Hugsanlega hefðum við getað stoppað óheillaþróun fyrir og mér skilst að það starf að endurskoða sveitarstjórnarlögin með þessum hætti sé þegar hafið og stefnt sé að kynningu á vori komandi. Og í því samhengi held ég að það sé mikilvægt að endurskoða fjármálakafla sveitarstjórnarlaganna. Núgildandi lög eru til dæmis fámál um lántökur sveitafélaga eða fjárfestingar þeirra. Það kann að vera nauðsynlegt í ljósi reynslunnar að setja þá hluti í fastari skorður.

Ennfremur kann að vera nauðsynlegt að setja skýrari reglur um viðskipti sveitarfélaga um fasteignafélög. Og 61. gr. sveitarstjórnarlaganna segir að sveitarstjórnir skuli gæt þess svo sem kostur er að heildarútgjöld fari ekki framúr heildartekjum og ég tel að þarna þurfi að kveða sterkar að orði. Og víða meðal vestrænna ríkja er fastar kveðið á og krafan um hallalausan rekstur mjög skýr og viðurlögum beitt ef halli verður á rekstri. Í öðrum löndum eins og Danmörku gera ríkisvaldið og sveitafélögin samninga um vöxt útgjalda ríkis og sveitafélaga og verkefni sveitafélaga og fjármögnun þeirra til nokkurra ára. Sérhvert vor ræða ríki og sveitarfélög svo um forsendur samninga og hvort nauðsyn sé að breyta verkefnum sveitarfélaga og fjármögnun þeirra til samræmis við efnahagslegan raunveruleika. Samræða sveitafélaga og ríkisvalds hér á Íslandi þarf klárlega að vera skilvirkari. Við þessar aðstæður hefur ýmislegt þokast og samtalið á milli sveitarfélaga og ríkisvalds kannski með besta móti, en ég held að það sé ljóst að við þurfum að gera enn betur í því og tryggja að þarna séu menn að vinna vel saman.

Forseti, mig langar aðeins til þess að staldra við einn þátt í þessari áætlun vegna þess að um hana hefur verið nokkuð rætt – þann hluta sem að lýtur að verklegum

framkvæmdum. Og það er alveg ljóst að Reykjavíkurborg hefur allt frá því að efnahagsástandið harðnaði svo hér á Íslandi að við höfum leitað allra leiða til að halda uppi verklegum framkvæmdum og ekki síst með það að markmiði að halda uppi atvinnu við þessar erfiðu aðstæður. Um það hefur ekki verið ágreiningur á vettvangi borgarstjórnar. Sem dæmi má nefna að heildarframkvæmdir borgarinnar og Orkuveitu Reykjavíkur hafa verið í kringum 25 milljarðar kr., bæði fyrir árið 2009 og 2010. Til samanburðar má geta þess að heildarframkvæmdapakki ríkisins fyrir árið 2010 er um 10 milljarðar kr. sem sagt nær ekki helming af framkvæmdagetu borgarinnar og Orkuveitu Reykjavíkur, sem er umhugsunarefni fyrir þá sem hæst hafa talað í þessum málum, þar með talið varaformaður Samfylkingarinnar. Og það er einnig athyglisvert að velta því fyrir sér og skoða nýlegar fréttir frá þessari viku um yfirlýsingar frá lífeyrissjóðum í landinu þar sem fram kemur að verkefni sem ríkisvaldið hefur rætt um að fara í gang með eru ekki komin langt, og lífeyrissjóðirnir segja reyndar að það hafi ekki verið forsendur til þess að leggja eina einustu krónu til þeirra verkefna nema ef vera skyldi samgöngumiðstöð í Reykjavík þar sem vinnan er að klárast á milli ríkis og borgarinnar.

Helstu framkvæmdir borgarinnar og Orkuveitu Reykjavíkur eru vegna sammingsbundinna verkefna. Hjá borginni má helst nefna uppbyggingu skóla, leikskóla, frístundaheimila, frágang við ný hverfi og uppbyggingu í miðborginni. Hjá Orkuveitunni er framkvæmt við Helligsheiði 5 og gert ráð fyrir Hverahlíðarvirkjun ef að viðunandi orkusölusamningar ganga eftir. Til þessara fjárfestinga var stofnað þegar að íslenskur byggingariðnaður þurfti mest á því að halda. Eftir þessa miklu uppbyggingu er ekki nema eðlilegt að dregið verði úr framkvæmdum að því tímabili loknu og reyndar er það meira en eðlilegt, það er nauðsynlegt eins og fram kemur í svari við fyrirspurnum Samfylkingarinnar varðandi þriggja ára áætlun. Og við höfðum þann háttinn á því núna að þrátt fyrir að það sé ekki vani að leggja þær fram skriflega, þá var óskað eftir því og þær voru því lagðar hér fram skriflega fyrir fundinn, af fjármálastjóra, þar sem til dæmis kemur fram mjög skýrt fyrir borgarfulltrúa hvaða áhrif það mundi hafa á borgarsjóð ef að við mundum halda áfram sömu lántökum inn í 2013, eins og menn hafa verið að ræða hér.

Auðvitað erum við að draga úr lántökum til framkvæmda fyrir árið 2013, enda getur ekki verið að nokkurt okkar ætli að spá fyrir um það eða varpa fram þeirri framtíðarsýn að þá verði kreppan hér á landi jafn hörð og hún er í dag. Vegna þess hefur Reykjavíkurborg að fullu axlað þá ábyrgð og það er í raun og veru makalaust að menn skuli reyna að gera ágreining úr engu, eins og varaformaður Samfylkingarinnar hefur verið að reyna að gera þegar að hann talar um framkvæmdastopp í Reykjavík, og ætti nú kannski að taka málið upp á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar og tala þá um framkvæmdastopp í landinu þar sem þeir ná, eins og ég segi, ekki einu sinni helming af því sem Reykjavíkurborg og hennar fyrirtæki eru að gera. Og líka að útskýra það fyrir almenningi í landinu hvers vegna menn telja að það þurfi jafnmikla innspýtingu í framkvæmdafé frá Reykjavíkurborg árið 2013 og þurfti á árinu 2009 og 2010. Menn þurfa þá að útskýra það hvar þeir ætla að taka það fjármagn vegna þess að borgin getur ekki borið það og það sýnir þetta svar mjög skýrt, þar sem að farið er yfir það hvaða áhrif það mundi hafa á stöðu okkar málaflokka og stöðu okkar reikninga ef að við mundum halda þessu úti. Og ég ætla að lesa það, með leyfi forseta:

Spurt er um hvernig þriggja ára áætlun mundi breytast ef það yrði gert ráð fyrir áframhaldandi óbreyttu framkvæmdastigi árið 2011-2013. Ef framkvæmdastig væri það sama 2011-2013 og það er núna 2010 yrði nettó-fjárfesting ár hvert að fjárhæð 5 milljarðar 280 þús. eða samtals 15 milljarðar 840 milljónir í stað áætlunar að nettó-fjárhæð 6,6 milljarðar. Auknar framkvæmdir hafa áhrif á afskriftir og fjármagnskostnað. Hér er gert ráð fyrir að fjármagn til aukinna framkvæmda sé fjármagnað með lántöku enda leyfa aðstæðurnar ekki annað nú. Lántaka yrði sú sama og nettó-fjárfesting sem kallar augljóslega á auknar afborganir. Ef framkvæmdastigi væri haldið óbreyttu mundi rekstrarniðurstaða vera neikvæð, rekstrarniðurstaða borgarsjóðs yrði neikvæð öll árin sem gengur þvert gegn þeirri megin reglu lagana, sem við erum bundin af að útgjöld skuli innan væntanlegra tekna. Og þetta kemur fram í töflu 6 og í samanburði í töflu 10 sem er einnig hér í þessu svari, að ástæðurnar má rekja til vaxandi afskrifta og fjármagnskostnaðar.

Og síðan ætla ég ekki að fara betur yfir það, forseti, þessi svör og þessar töflur útskýra sig sjálfar og færa heim sanninn um það að það verður þá annað hvort að vera þannig að Reykjavíkurborg, ef að við teljum það hér, ég reyndar deili ekki þeirri skoðun með minnihlutunum, að ástandið í íslensku atvinnulífi verði með sama hætti árið 2013 og það er í dag. Ég vil ekki trúá því. Ég er sannfærð um að íslenskt samfélag verður komið upp úr þessum öldudal og við verðum farin að sjá

til sólar í þessu og ég er reyndar sannfærð um að það muni gerast fyrr. Og ég trúi að með samstilltu átaki nái við þeim árangri að atvinnulífið verði farið að ná þannig tökum á ástandinu og eigin fjárfestingum og að borgaryfirvöld geti ekki ein borið ábyrgð á þessum hagvexti. Ímyndum okkur það að ef að ríkisvaldið í hlutfalli við sína veltu væri að koma inn með sambærilegt fjármagn til framkvæmda og Reykjavíkurborg.

Ég sagði hér áðan að Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur væri með 25 milljarða og ríkið með 10 milljarða. Ef að ríkið mundi koma með eitthvað sambærilegt fjármagn í samræmi við sína stærð og Reykjavíkurborg er að koma með – nú þá væru þetta ekki vandræði. En þá værum við reyndar að setja þetta á þann stað að við værum meira og minna að reka allt atvinnulífið af hálfu hins opinbera. En ég held alla vega að áður en menn fara með stóru orðin og stóru gífuryrðin og segja að það sé framkvæmdastopp í Reykjavík og ganga með þeirri hörku fram sem menn hafa gert gagnvart Reykjavíkurborg, þá ættu menn að líta sér örlítið nær og að hvetja ríkisvaldið þá til þess að gera þetta með sama hætti og Reykjavíkurborg. Vegna þess að það er eins og ég segi himinn og haf á milli þess sem að við erum að gera og ef að við værum eins spör á þessi útgjöld og ríkisvaldið, þá værum við ekki að taka þessi lán.

Og menn þurfa líka ef þeir segja samt sem áður þrátt fyrir þetta við viljum að framkvæmdastigið haldist óbreytt á árinu 2012 og 2013. Segjum að það sé afstaða manna, segjum að það sé afstaða manna að Reykjavíkurborg skuli axla þessa ábyrgð margfalt meira en ríkisvaldið og ef það er afstaða manna þá þurfa menn líka að benda á það, vegna þess að það gengur ekki upp lagalega, hvar við ætlum að taka fjármagnið. Við getum ekki tekið það að láni. Þá þurfa menn að útskýra hvernig við ætlum að fara inn í lausafjárstöðuna eða hvar menn ætla að draga saman í rekstri borgarinnar til þess að hlutirnir gangi upp. Þannig að slíkum orðum hlýtur augljóslega að fylgja ábyrgð.

Og þetta vildi ég gera að umræðuefni vegna þess að ég held að þessi umræða sé ekki sanngjörn. Það má vel vera að hún hljómi vel í einhverju pólitísku augnabliki, en hún er hvorki sanngjörn gagnvart Reykjavíkurborg eða þeim verkefnum sem að við stöndum frammi fyrir. Og ég segi það aftur að ég trúi því

og meirihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur trúir því einlæglega að hjól atvinnulífsins verði farin að snúast af meira krafti á þessu þriggja ára tímabili. Og því sé minni þörf á opinberum framkvæmdum þá en nú. Og ég held líka að það sé varasamt við þessar aðstæður að gera meira heldur en við erum að gera. Nákvæmlega vegna þess að við höfum öll talað um að svona áætlanir þurfi allar að vera ábyrgar, að þá getum við ekki lofað því að við getum haldið úti svona atvinnustigi í svona langan tíma. Enda býst enginn við því að kreppan hér sé í 5-6 ár, vonandi ekki. Alla vega ekki með þeirri hörku sem hún hefur komið við okkur á undanförunum misserum. Og það er heldur ekki eins og ég sagði áðan hlutverk Reykjavíkurborgar að draga ein vagninn í hagstjórn. Við skorumst ekki undan því að axla ábyrgð, sem við höfum gert. Við skorumst ekki undan þéttu samstarfi við ríkisvaldið sem við höfum gert og mundum sannarlega fagna því að ríkisvaldið mundi auka aðkomu sína að þessum verkefnum.

Ef framkvæmdastiginu, eins og ég sagði áðan, væri haldið óbreyttu og það ítreka ég, mundi rekstrarniðurstaða verða neikvæð öll árin sem gengur gegn því sem við höfum rætt hér um og langtímaskuldir mundu aukast umfram eignir og það kæmi niður á rekstri Reykjavíkurborgar. Og þess vegna vil ég ítreka það, hæstvirtur forseti, að það er algjör óþarfi að gera sérstakan ágreining um framkvæmdir eða lántöku í framtíðinni. Við höfum öll verið á sama stað með það að vakta ástandið á meðan að það er svona þungbært. En við getum ekki haldið að það sé aðferð sem við eigum að beita, þegar að við hljótum öll að tala fyrir því að framtíðin sé bjartari en svo á Íslandi og þar með talið í Reykjavík.

Eins og ég sagði áðan og ég ítreka það, ég ætla ekki að fara yfir þær spurningar. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lagði fram á síðasta fundi borgarráðs viðamiklar spurningar varðandi fyrirliggjandi frumvarp. Fjármálaskrifstofa hefur unnið svör við þessum spurningum í samráði við borgarhagfræðing og framkvæmda- og eignasvið og voru þau send borgarráðsmönnum í gær. Í svarinu er reynt að gera grein fyrir öllu því sem spurt er um, en ljóst að það er eins og ég sagði áðan ógerlegt að fara í þær viðamiklu sviðsmyndagreiningar sem talað er um á meðan að við höfum ekki þjóðhagsspá eða góða spá fyrir framtíðina fyrir þetta tímabil. Og ég ítreka það sem að ég sagði áðan að þetta verk verður að sjálfsögðu unnið um leið og ný þjóðarspá liggur fyrir. Og í svarinu er að finna

ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir borgarfulltrúa meðal annars var hér talað um það á síðasta fundi. Það var rætt um það hvort að þessi vinnubrögð sem nú eru viðhöfð hér hjá Reykjavíkurborg og einnig í öðrum sveitarfélögum, hvort að það standist kröfur Kauphallar og eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaganna að leggja fram þriggja ára áætlun án þess að taka inn líklega þróun efnahagstærða næstu ára.

Og þessu er svarað hér mjög skilmerkilega og sagt frá því að fjármálastjóri hefur varðandi tímafresti tilkynnt ráðuneyti samgöngu- og sveitastjórnarmála að stefnt sé að afgreiðslu þriggja ára áætlunar með þessum hætti og ekki fengið athugasemdir vegna þess. Og þetta er nú það langt svar, forseti, að ég held að ég láti það vera, en þar kemur fram það sem að var svarað hér lauslega á síðasta fundi um það að, að sjálfsögðu hefðum við verið í góðu samstarfi við ráðuneytið vegna þessa, við Samband ísl. sveitarfélaga og við önnur sveitarfélög sem eru að vinna þetta með sama hætti. Og ég held að allir sveitarstjórnarmenn hafi verið sannfærðir um það að þessi leið okkar sem við fórum auðvitað líka í fyrra sé rétt og eðlileg.

Ég held líka og ég vil einnig segja það, hæstvirtur forseti, að það hefur mikil vinna verið lögð í þetta plagg og ég held að plaggið sé eins raunhæft og mögulegt er við þessar aðstæður. Það segir ekkert meira heldur en hægt er að segja, það býr ekki til neinar skýjaborgir sem ekki er hægt að standa við. Það er raunhæft og ef eitthvað er þá ef við berum okkar áætlun saman við önnur sveitarfélög þá erum við greinilega talsvert varkárari heldur en þau í sínum spám og það er auðvitað ákvörðun hvernar og einnar sveitarstjórnar. En ég held að borgarstjórn sé mjög varkár í þessu efni.

Mig langar líka til þess að nefna það að við erum auðvitað í þessari þriggja ára áætlun að leggja megin áherslu á það sem ég sagði í upphafi og það sem að við höfum öll verið sammála um og eigum öll svo mikinn hlut í, að standa vörð um það sem mestu skiptir og reyna að gera hlutina eins vel og við getum í grunnþjónustunni okkar þar sem að við komum því við. Ég held að Reykjavíkurborg hafi verið að gera vel í því. Reykjavíkurborg hefur líka verið að leggja áherslu á það við þessar aðstæður, eins og kom til dæmis fram í fréttum í

gær og við höfum verið í mjög miklu samstarfi hér sérstaklega við borgarfulltrúa Oddnýju Sturludóttur varðandi ákveðna þætti sem að tengjast atvinnuuppbyggingu.

Við höfum núna náð samningum við ríkisvaldið um ákveðna hluti er því tengjast. Við munum flytja tillögu í borgarráði um mál sem að því tengjast líka næstkomandi fimmtudag. Við höfum verið með auka fjármagn í atvinnusköpun og svo framvegis. Í fréttum í gær kom í ljós að Reykjavíkurborg er að auglýsa eftir 12-1300 störfum, auk þess sem við erum að gera ráð fyrir rúmlega 3000 ungmennum í unglíngavinnu. Þannig að ég held að Reykjavíkurborg sé að gera eins mikið og hún mögulega getur við þessar aðstæður og sé ákveðinn hornsteinn og ákveðin undirstaða þess að vel takist til á Íslandi, vel takist til í því að byggja upp þetta samfélag. Og ég mæli því fyrir samþykkt þessarar þriggja ára áætlunar Reykjavíkurborgar og vonast til þess að hún verði samþykkt hér.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál **Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða**

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á því að þakka borgarstjóra fyrir býsna hreinskilna ræðu og fjármáladeild Reykjavíkurborgar fyrir greinargóð og ítarleg svör við fjölmörgum spurningum okkar fulltrúa Samfylkingarinnar við fyrri umræðu, ekki síst í því sem lýtur að forsendum þessarar fjárhagsáætlunar – þeirrar framtíðarspár sem að hún felur í sér og síðan þeirra atriða sem hljóta að koma til skoðunar varðandi breytingar á áætluninni í ljósi þeirra upplýsinga. Ræða háttvirts borgarstjóra var hreinskilin að því leyti að það er ljóst að í Ráðhúsi Reykjavíkur er nú eitt síðasta vígi frjálshyggju á Íslandi eftir hrún.

Hér er verið að mæla fyrir þriggja ára áætlun um fjárfestingar og rekstur, þar sem gefin er sú forsenda að metatvinnuleysi í Reykjavík 11% sem spáð er á þessu ári haldist óbreytt út tímabilið. Það er forsenda þessarar áætlunar að atvinnuleysi sem spáð er í ár 2010 11% í Reykjavík verði óbreytt út tímabilið. Og við fulltrúar Samfylkingarinnar sem spurðum töluvert út í þessar spár og þessar forsendur sem lægju áætluninni til grundvallar, vegna þess að þessi einfaldi framreikningur birtist okkur sem í raun nokkurs konar reglustikuaðferð til þess að geta bara haldið því að fólki að hér væri allt í sóma og ekkert þyrfti að eiga við gjaldskrár eða útsvar. Að það er ljóst af þessum svörum að í raun telur fjármálaskrifstofa og borgarhagfræðingur, með leyfi forseta; „... í þessu ljósi, þ.e.a.s. óvissuna sem uppi er má ætla að líklegustu ytri forsendur séu einmitt þær sem fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2010 byggir á“. Tilvitnun lýkur.

Og ég á erfitt með að skilja það öðruvísi en að þær forsendur sem hér er spáð sé teflt fram sem líklegustu forsendunum. En þá vaknar strax næsta spurning. Ef að atvinnuleysi upp á 11% er hluti af líklegustu forsendunum þrjú ár fram í tímann og þriggja ára áætlunin lykiltæki sveitarfélaga til þess að bregðast við því sem að búast má við í framtíðinni, hvers vegna er þá tækifærið ekki notað og sett fram áætlun eða einhvers konar viðbrögð við þessu. Því að eins og hér kom fram við fyrri umræðu þá er það sem stendur uppúr í þessari áætlun, það er 70% niðurskurður sem fyrirhugaður er í framkvæmdum og 50% niðurskurður sem þegar er orðinn staðreynd og á að vera áframhald á í viðhaldi.

Og það er alveg rétt eins og fram kom hjá háttvirtum borgarstjóra að þetta var það atriði sem við gerðum að mestu umtalsefni hér við fyrri umræðu, fulltrúar Samfylkingarinnar, þó að vitanlega séu öll fjármál og framtíðarþróun þeirra undir og af mörgu hefði verið að taka. En þetta er mikilvægt umræðuefni vegna þess að hér kristallast ólík nálgun á það hvernig eigi að stýra borg í kreppu. Hvernig eigi að bregðast við þessu uggvænlega atvinnuleysi og hvernig eigi að haga málum. Og ég verð að segja það, að þau svör sem að við fengum um bæði einstaka liði í þessari áætlun og áhrif þess að viðhalda óbreyttu framkvæmdastigi leiða alls ekki til þeirrar niðurstöðu sem að borgarstjóri kynnti hér, sem sýna að Reykjavíkurborg bæri ekki að viðhalda óbreyttu framkvæmdastigi í kreppunni.

Og ég í raun kalla eftir frekari svörum við því hvað borgarstjóri eigi eiginlega við, þegar að hún segir að Reykjavíkurborg beri ekki áframhaldandi framkvæmdir og viðhald upp á 5,3 milljarða. Vegna þess að þegar að horft er á þessar tölur og þær færðar inn í heildarsamhengi stöðu Reykjavíkurborgar, sem hefur verið mjög sterk allan síðasta áratug eða eftir að vörn var snúið í sókn í kjölfar niðursveiflunnar í kringum, ja fyrst kringum 1994-1996 og síðan í kringum 2001 og 2002, að þá er fjárhagsstaða Reykjavíkurborgar nokkuð sterk. Þó að núverandi meirihluti hafi vissulega gert sitt til þess að koma Orkuveitu Reykjavíkur á ystu nöf, en það er allt önnur umræða.

Það sem við erum að ræða hér er framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar A-hlutans og það er alveg rétt að hér erum við að tala fyrir því að rétt eins og á þessu ári og í fyrra að þá verði tekin lán til langs tíma til þess að standa undir framkvæmdum. Og miðað við það að halda óbreyttu framkvæmdastigi og framkvæmdum upp á 5,3 milljarða að þá gerir það á næstu þremur árum viðbótar lántökur upp á 8,8 milljarða, en varla getur borgarstjóri átt við þá tölu, þegar hún segir að Reykjavíkurborg muni ekki standa undir þessu. Vegna þess að það eru þrjár lykilröksemdir fyrir því að það sé beinlínis hagkvæmt, áhugavert og rétt af Reykjavíkurborg að ráðast í lántöku til þess að standa undir áframhaldandi framkvæmdastigi næstu þrjú ár. Í fyrsta lagi hefur atvinnuleysi aldrei verið meira í borginni og þessi spá hún byggir á óvissu um 11% atvinnuleysi sem viðvarandi ástand og óbreytt til 2013 og það undirstrikar mikilvægi þess að bregðast við.

Framkvæmdir eru ekki upphaf og endir þess en samt einn mikilvægur þáttur. Einn mikilvægur þáttur.

Við höfum gert tillögur á margvíslegum öðrum sviðum í atvinnumálum en framkvæmdir eru klárlega einn mikilvægur þáttur sem skiptir verulegu máli. Ég leyfi mér að minna á það eins og fram hefur komið í greiningum borgarhagfræðings og fjármálaskrifstofu, að kostnaður við hvert prósentustig atvinnuleysis er um einn milljarður króna fyrir borgarsjóð. Beinn kostnaður í lækkun útsvars og auknum útgjöldum til fjárhagsaðstoðar og velferðarmála. Rök númer tvö að í samdrætti að þá eru tilboð í framkvæmdir hagstæðari en annars og framkvæmdakostnaður hann er lægri og arðbærar framkvæmdir verða þá ennþá arðbærari. Útboð að undanfögnu hafa sýnt þetta, en þau hafa verið umtalsvert undir kostnaðaráætlunum.

Verk sem verður ráðist í næstu þrjú ár ættu því að vera ódýrari sem þessu nemur. Þetta er í raun býsna einfalt. Það er betra útfrá fjárhagslegum hagsmunum Reykjavíkurborgar að framkvæma á meðan ástandið er svona á markaði heldur en þegar að markaðurinn er í þenslu. Í þriðja lagi að þá, eins og við höfum fjallað um hér í sölum borgarstjórnar og borgarfulltrúar Samfylkingarinnar fluttu raunar um það sérstaka tillögu að áskorun til Alþingis um að virðisaukaskattur vegna vinnu á verkstað yrði endurgreiddur að fullu, að Alþingi gerði síðastliðið vor breytingar á lögum sem kváðu á um tímabundna endurgreiðslu af þessu tagi, vegna vinnu á verkstaði og viðhaldsframkvæmdir. Þetta gerði það ennþá áhugaverðara fyrir sveitarfélög og Reykjavíkurborg að ráðast í viðhaldsframkvæmdir núna þessi misserin. Á þessum grunni og grundvelli í raun klassískrar jafnaðarstefnu til þess að takast á við kreppu að þá leggja borgarfulltrúar Samfylkingarinnar til svohljóðandi breytingartillögu við þriggja ára áætlun um rekstur og framkvæmdir Reykjavíkurborgar:

Borgarstjórn samþykkir að gera ráð fyrir sömu upphæð til framkvæmda og meiriháttar viðhaldsverkefna á árunum 2011-2013 alls að upphæð 5,3 milljarðar króna á ári í stað þess 70% niðurskurðar sem fyrirhugaður er í fyrirbyggjandi frumvarpi að þriggja ára áætlun. Ráðstöfun fjárens verði útfærð til að mæta vaxandi atvinnuleysi í Reykjavík í samræmi við meðfylgjandi greinargerð. Þetta felur í sér 8,8 milljarða hækkun á fjármunum til framkvæmda og viðhalds á næstu þremur árum.

Í greinargerðinni segir meðal annars, með leyfi forseta: Þriggja ára áætlun um fjárhag og rekstur Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir að samdráttur í framkvæmdum verði um 70% frá 2009-2013, einsog sjá má á meðfylgjandi mynd, sem er mynd 9 úr frumvarpinu. Þess má geta að árið 2008 var framkvæmt fyrir 10,3 milljarða en framkvæma á fyrir 1,3milljarða árið 2013 samkvæmt áætluninni. Rétt er að minna á að til viðbótar niðurskurði í framkvæmdum hefur meirihlutinn þegar skorið niður í viðhaldi fasteigna úr 1.323 milljónum 2008 í 734 milljónir á yfirstandandi fjárhagsáætlun eða um nær 50%. Enn meiri niðurskurður er í viðhaldi í umhverfi borgarinnar eða úr 1.323 milljónum árið 2008 í 611 milljónir króna á yfirstandandi ári. Þessar áherslur meirihlutans fela í sér að ekki verður ráðist í nein ný verkefni og framkalla í raun framkvæmdastopp. Það gengur þvert á skynsamlega stefnu til að bregðast við atvinnuleysi og kreppu. Sérstaka athygli vekur að gert er ráð fyrir því að atvinnuleysi haldist í 11% allt tímabilið 2011-2013 án þess að því sjái stað að meirihlutinn ætli að gera annað en að stöðva framkvæmdir til að bregðast við því.

Varðandi fjárhagslega þætti sem tengjast þessari tillögu að þá skal það undirstrikað og það er gert í þessari greinargerð, að Reykjavíkurborg hefur auðvitað alla burði til þess að standa undir ofangreindu framkvæmdastigi. Breytingartillagan leiðir til breytinga á þriggja ára áætlun um framkvæmdir og rekstur samanber svör fjármálaskrifstofu til borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar. Þar kemur fram að langtímaskuldir aukast sem framlögum til framkvæmda nemur og þá hefur fjármagnskostnaður áhrif á rekstrarniðurstöðu og lagt til að þeir fjármunir leiði til lækkunar á handbæru fé, sem eru 11,7 milljarðar í upphafi tímabils, en 12,8 milljarðar í lok tímabilsins.

Í svörum fjármáladeildar hefur ekki verið gert ráð fyrir áhrifum aðgerða gegn atvinnuleysi til lækkunar á atvinnuleysisstigi en sá sparnaður kæmi því á móti ofangreindri hækkun á rekstrarkostnaði. Jafnframt er gert ráð fyrir samsvarandi lækkun viðhalds- og framkvæmdakostnaðar árin 2014-2016. Ég legg hér fram þessa breytingatillögu, með leyfi forseta og ítreka aftur fyrirspurn mína til hæstvirts borgarstjóra um að færð séu frekari rök fyrir því að staða Reykjavíkurborgar sé sú, að hún geti ekki staðið undir áframhaldandi framkvæmdum á því stigi sem að viðhaldið hefur verið síðastliðin tvö ár. Því að

Bstj. 16. mars 2010

Það er ekki með nokkrum hætti að mínu mati hægt að styðja það með rökum úr ársreikningum eða fjárhagsáætlunum Reykjavíkurborgar.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu og lagt fram breytingartillögur við frumvarpið. Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson óskað eftir að veita andsvar.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Gísli Marteinn Baldursson: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Mig langar til að vekja örstutta athygli á því og furða mig á þeim ummælum borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar að Reykjavík væri með þessari þriggja ára áætlun að sýna að hún væri síðasta vígi frjálshyggjunnar. Að þessu loknu kemur mikill passus um það að það sé mikill hugmyndafræðilegur ágreiningur um það hvernig eigi að stjórna borginni núna. Og borgarfulltrúinn reynir að draga borgarstjórnann í einhverjar umræður um Keynesisma og hvernig eigi að bregðast við kreppum svona almennt. Ég held að borgarbúar séu ekki að leita eftir slíkri hugmyndafræði eða umræðu. Þeir vilja fyrst og fremst sjá borgarstjórn sem reynir að sameinast um það að láta verkin tala og hjálpa fólki að komast í gegnum þessa erfiðu tíma. Og það held ég að sé gert ágætlega í þessari þriggja ára áætlun.

Ef svo væri að þetta væri síðasta vígi frjálshyggjunnar, eins og borgarfulltrúinn segir, og það sem hann nefnir því til sönnunar er auðvitað fjármagn til framkvæmda. Þá er athyglisvert að sjá að ríkisstjórnin sem að borgarfulltrúinn styður þótt hann telji að hún þurfi að endurnýja umboð sitt, að þá framkvæmir hún miklu, miklu minna heldur en við, alveg sama hvaða mælikvarðar eru notaðir. Þannig að ef þetta er einhvers konar vígi frjálshyggjunnar þá eru höfuðstöðvar ríkistjónarinn enn sterkara vígi frjálshyggjunnar, sem framkvæmir miklu minna. Okkar framkvæmdir eru 25 milljarðar á þessu ári og í fyrra, en hjá ríkinu eru þeir 10 milljarðar þrátt fyrir að vera miklu, miklu stærra í umsvifum, miklu stærra kerfi. Þannig að ríkið ætti í raun að vera að framkvæma fyrir svona 150-200 milljarða miðað við það sem við erum að framkvæma, en er að framkvæma fyrir 10 milljarða. Þannig að borgarfulltrúinn sem að styður ríkisstjórnina þrátt fyrir að hún þurfi að endurnýja umboð sitt að hans mati ætti kannski að líta til þeirrar ríkisstjórnar áður en hann fer að kalla Borgarstjórn Reykjavíkur síðasta vígi frjálshyggjunnar.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Þegar að ég segi að Ráðhús Reykjavíkur sé síðasta vígi frjálshyggjunnar er ég að vísa til þess að hér í fyrri umræðunni sagði borgarstjóri með nokkrum þóttá og ítrekaði það hér í ræðu sinni áðan, að tal okkar um að það væri mikilvægt að halda uppi framkvæmdastigi bæri vott um það að við hefðum litla eða enga trú á atvinnulífinu. Að við hefðum litla eða enga trú á atvinnulífinu. Síðan kemur sami borgarstjóri hér tveimur vikum síðar og kynnir forsendur að fjárhagsáætlun sem birtir þá trú á atvinnulífinu að atvinnuleysi verði áfram 11% árið 2013, sem er reyndar ekki mjög mikil trú á því sama atvinnulífi.

Já, mér finnst það vera býsna róttæk frjálshyggja að líta ekki á það sem eitt af hlutverkum sveitarfélags, öflugss sveitarfélags eins og Reykjavíkurborg er á krepputíma, að halda hér uppi framkvæmdastigi. Og þó mér finnst mjög athyglisvert að borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hafi litið á það sem einhvers konar skiptihlutverk sitt að verja hér frjálshyggju í sölum borgarstjórnar, þá er það bara ágætt hjá honum, en ef hann veltir eitthvað fyrir sér hvert starfsumhverfi ríkisstjórnar í þessu landi er og hvort hún sé höfuðvígi frjálshyggju, þá er hún það að sjálfsögðu ekki. Hún er hins vegar ríkisstjórn sem er að vinna úr rústum sem frjálshyggjan skildi eftir sig. Úr rústum frjálshyggjunnar og það er kannski munurinn að þar er verið að vinna úr rústum frjálshyggjunnar. Hér erum við að vona með okkar tillögum að við þurfum ekki að vinna úr sambærilegum rústum frjálshyggjunnar, hvorki hvað varðar atvinnuleysi, Orkuveituna eða önnur atriði sem að máli skipta.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson óskað eftir að veita andsvar öðru sinni.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Gísli Marteinn Baldursson: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég held að það sé nauðsynlegt að ítreka það aftur sem að ég benti borgarfulltrúanum á og hann reyndi að skauta hérna í kringum. Að hann miðar við framkvæmdafé, fé til framkvæmda og segir að fé til framkvæmda sýni það að við séum hér í Borgarstjórn Reykjavíkur síðasta vígi frjálshyggjunnar. Svo gægjumst við yfir Vonarstrætið og sjáum að fé til framkvæmda þar er miklu, miklu, miklu minna. Miðað við framkvæmdaféð sem við erum að setja hér í framkvæmdir þá ætti féð sem ríkisstjórnin er að veita til framkvæmda vera 150-200 milljarðar kr., en er 10 milljarðar. Þannig að allt tal um framkvæmdastopp og að það sé á grundvelli grjótharðrar nýfrjálshyggju eða vera yfirhöfuð að blanda henni inn í þetta er auðvitað hlálægt. Þannig að ég þarf ekkert að verja frjálshyggjuna hér, ég legg til að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson fari frekar yfir til ríkisstjórnarinnar og fái hana til þess að verja þessa grjóthörðu frjálshyggju fyrir sér.

Vegna þess að sé einhvers staðar rekin frjálshyggja út frá fé sem að er varið til framkvæmda að þá er það einmitt þar en ekki hér, vegna þess að við verjum 25 milljörðum á þessu ári og síðasta og til framkvæmda á meðan ríkisstjórnin ver 10 milljörðum, þegar að hún ætti að vera að verja 150-200 milljörðum en ver 10 milljörðum til framkvæmda og þær framkvæmdir fara nú aðallega út á land og sést lítið af þeim hér í nágrenni Reykjavíkur. Þannig að ég held að bara þessi litli punktur, þess vegna fór ég nú upp í andsvar, virðulegi forseti, að taka framkvæmdaféð og smella síðan frjálshyggjustimpli á borgarstjórn út frá því og reyna einhvern veginn að draga menn út í einhverjar hugmyndafræðilegar umræður á þeim forsendum. Það held ég að sé ákveðið búmerang sem að lendir aftur í hausnum á borgarfulltrúanum.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið við að veita andsvar. Og þá hefur óskað eftir að svara andsvari borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég skil vel að það sé erfitt að verja það að meirihlutinn leggur hér til 70% niðurskurð í framkvæmdum á næstu þremur árum. Það er allt í lagi að fara yfir fjármögnun og fyrirhugaðar framkvæmdir á landsvísu ef að fólk svo vill. Allt síðasta ár var mjög erfitt að afla fjár til framkvæmda, bæði hjá ríki og borg og tengdum fyrirtækjum, sem sést best á því að Orkuveita Reykjavíkur þurfti að fjármagna sig á yfirdráttarlánnum. Og það er kannski ekkert skrytið að aðrir framkvæmdaaðilar hafi kosið að fara ekki þá leið vegna þess að það var ákveðin óvissuferð, eins og við þekkjum allt, allt of vel. En raunar var síðasta ár þriðja mesta ár í sögunni í vegaframkvæmdum, þetta ár verða vegaframkvæmdir um 12 milljarðar. Það var verið að bjóða út Suðurlandsveg og Vesturlandsveg í síðustu viku. Það er áformað að byggja nýjan Landspítala í Reykjavík fyrir um 55-60 milljarða. Menn þekkja umræður um önnur áform og Búðarhálsvirkjun, það er framkvæmd upp á um 30 milljarða.

En þetta er auðvitað háð fjármögnun eins og stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur undirstrikaði hér á síðast borgarstjórnarfund, þar sem að hann kallaði eftir því að gengið yrði frá Icesave-málinu þannig að Orkuveita Reykjavíkur kæmist í eðlilegt umhverfi til þess að fjármagna sínar framkvæmdir. Og það er þess vegna sem að ég segi það að sá stakkur sem ríkisstjórninni er skorin, eins og öllum öðrum er auðvitað rústir frjálshyggjunnar, rústir frjálshyggjunnar og þess vegna á hugmyndafræðileg umræða um hana og uppgjör við hana sannarlega heima hér í sölum borgarstjórnar eins og annars staðar og þess vegna undirstrikar það brýna nauðsyn þess að við förum ekki þau spor og skerum niður um 70% heldur höldum uppi framkvæmdastigi í gegnum verstu lögðina.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að svara andsvari og þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þá er það önnur umræða. Önnur umræða um fjölritaða fjárhagsáætlun ársins 2010 sem á sínum tíma fékk líka tvær umræður í borgarstjórn. Önnur umræða um plagg sem lýsir á engan hátt stefnu eða fyrirætlunum meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, heldur er sett hér fram til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaganna í landinu. Ég vildi óska að ég gæti tekið þátt í umræðu um nýfrjálshyggju eða ekki nýfrjálshyggju í þessu plaggi, en sé engin merki þess að hér sé nokkur hugmyndafræði á ferð. Vinnubrögðin minna um margt á reynslusögur unglingsforeldra. Sögur um það hversu litlum skilningi þau mæta og mikilvægi þeirra verkefna sem vinna þarf á heimilinu, áhuga og metnaðarleysi sem gerir það að verkum að verkefnin eru unnin af eins litlum krafti og eins illa og mögulega er hægt að komast upp með. Fjölrituð fjárhagsáætlun meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fyrir árin 2011, 2012 og 2013 er verkefni sem hefur verið unnið eins illa og mögulega er hægt að komast upp með. Í stað sjálfsagðrar og eðlilegrar tilraunar til að mæta þeim breytingum sem líklegt er að eigi sér stað á næstu þremur árum í efnahagssumhverfi borgarinnar kýs meirihlutinn að stinga hausnum í sandinn og vona það besta.

Ég ítreka það sem ég sagði í minni fyrri ræðu hér, að það er alveg ljóst að mismikið mun mæða á fagsviðum borgarinnar á næstu þremur árum. Fyrst og fremst mun álagið aukast á velferðarsviði enda mun áhrifa atvinnuleysis gæta hér áfram um nokkurt skeið, sér í lagi ef gert er ráð fyrir 11% atvinnuleysi allt fram til ársins 2013. Ekki er útséð um hvernig mæta á hagræðingarkröfu á menntasviði fyrir árið sem nú er að líða og hvað næstu þrjú ár bera í skauti sér er í algjörrri óvissu. Sama er að segja um frístundaheimili og félagsmiðstöðvar á vegum íþrótt- og tómsfundasviðs sem meirihlutinn hefur ítrekað gert atلögur að þó tekist hafi að koma í veg fyrir mikinn skaða enn sem komið er.

Á leikskólasviði hefur inntöku barna verið frestað og biðlistar lengdir með aðgerðum þessa árs eingöngu. Hvað verður gert á næsta ári. Hvernig ætlar meirihlutinn að bregðast við þeirri staðreynd að kreppunni lýkur ekkert um áramótin. Þá dugar ekki að tónglast á tuggunni um aðgerðaáætlun sem hefur löngu

verið afbökun á þann hátt að ekki nokkur maður utan borgarstjórnarflokka Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tekur mark á henni. Grunnþjónustan hefur verið skert. Starfsfólk með tímabundna samninga hefur ekki fengið þá endurnýjaða. Gjaldskrár hafa hækkað. Enn liggur ekki fyrir að Reykjavíkurborg geti sinnt lögbundinni fræðsluskyldu frá og með hausti. Starfsfólk borgarinnar hefur misst vinnuna. Gjaldskrárhækkanir hafa fallið á foreldra leikskólubarna og það á þá sem mest þurfa á þjónustunni að halda. Í þriggja ára áætlun er ekki vikið einu orði að þessum hlutum. Ekki einu orði.

Í samþykkt um stjórn borgarinnar er sagt að hlutverk borgarstjórnar sé á þann veg að henni beri að gæta hagsmuna borgarinnar og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúana. Það er því með algjörum ólíkindum að þegar að meirihluti borgarstjórnar leggur fram stefnumótun til næstu þriggja ára, sé engin umfjöllun um það hvernig unnið verði að þessum þáttum. Það er ekkert um þróun fjárhagsaðstoðar. Ekkert um atvinnuátök á vegum borgarinnar. Ekkert um eflingu barnaverndar. Ekkert um forvarnarstarf. Ekkert um mannréttindi. Ekkert um umhverfismál. Ekkert um menntun. Ekkert um frístundir. Meirihluti borgarstjórnar virðist ekki hafa neinar fyrirætlanir um að fjárhagsaðstoð hækki. Það stendur ekki til að axla ábyrgð í vaxandi atvinnuleysi. Það á ekki að bregðast við auknu og vaxandi álagi á barnavernd. Það á ekki að efla forvarnir í kreppunni. Það á ekki að efla mannréttindaskrifstofu. Og umhverfi og náttúra borgarinnar verður ekki viðfangsefni meirihlutans á næstu þremur árum.

Til að allrar sanngirni sé gætt að þá eru ein pólitísk skilaboð í plagginu. Útsvar verður ekki hækkað. Það er göfug hugsjón hjá hægri sinnuðum meirihluta, en algjörlega úr lausu lofti gripið. Auðvitað þarf enga peninga þegar að ekki á að aðhafast neitt. Í raunveruleikanum er það þó þannig að útsvarið, sameiginlegur sjóður borgarbúa er ekki bara upp á punt. Honum er ætlað að fjármagna grunnþjónustuna sem meirihlutinn segist ætla að standa vörð um á tyllidögum. Grunnþjónustu sem gleymist svo að gera ráð fyrir í þriggja ára áætlun. Grunnþjónustu sem ekki verður varin nema með því að forgangsraða í hennar þágu jafnvel þó að það kosti peninga.

Bstj. 16. mars 2010

Forseti, ég sé enga ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Það er sorglegt að meirihlutinn hafi ekki dug í sér til að marka hér pólitíska stefnu um velferð borgarbúa á komandi árum, en á sama tíma ljómandi fínt að það skuli þá koma fram með jafn afgerandi hætti og raun ber vitni. Þriggja ára áætlun borgarinnar gerir vonandi einhverjum kjósendum auðveldara að gera upp hug sinn í vor, enda geri ég ráð fyrir að þeir geri kröfu um kjörna fulltrúa sem hafa kjark og dug til að gera það sem þarf, en ekki ákvarðana- og átakafælið fólk sem heldur að vandinn leysist með því einu að fresta honum.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Ólafur F. Magnússon: Já, forseti, góðir borgarfulltrúar. Mér finnst það svolítið athyglisvert í þessari umræðu, þriggja ára fjárhagsáætlun borgarinnar, að það er oft verið að takast á um aukaatriðin en ekki aðalatriði málsins sem er gríðarlega óábyrg fjármálastjórn, feiknalegar lántökur í óarðbærar framkvæmdir og óarðbær verkefni um langt árabíl í Borgarstjórn Reykjavíkur. Og ég get ekki annað en hugsað til baka þegar að ég stóð hér á mínum öðrum fundi í borgarstjórn sem borgarstjóri hvað það mætti feiknalegri andstöðu þegar verið var að skera niður til flotræfilsverkefna og óábygrra fjárfestinga, og gert í beinu samráði við fjármálaráðgjafa borgarinnar, sem töluðu skýrt með þeim hætti að það hrun sem síðar varð á árinu 2008 væri nánast á leiðinni.

Ég held að flestir góðir fagmenn og þjóðhollir menn hafi séð að það var eitthvað mikið fram undan, þó að menn hafi kannski aldrei órað fyrir að það væri af þeirri stærðargráðu sem í ljós kom. Enda hefur nú verið upplýst að staðan var með vitund stjórnvalda og þeirra flokka sem voru í meirihluta í landinu, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Miklu, miklu alvarlegra en okkur hin grunaði þegar árið 2004, 2005 og 2006, eins og kollegi minn Andrés Magnússon upplýsti þjóðina í Silfri Egils á sunnudaginn var. Það var vísvitandi verið að setja þessa þjóð á hausinn til þess að geta skaffað vinum og vandamönnum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins auðæfi annarra. Og þann leik á svo sannarlega eftir að jafna.

Og við getum lagt okkar skerf að því hér í Borgarstjórn Reykjavíkur með skýrum málflutningi og haga málum þannig að borgarbúar geri sér grein fyrir því, þar sem stutt er til kosninga, að það er hvorki þessari þjóð né þessari borg í vil að sá meirihluti sem hér er við völd og átti allan pólitískan þátt í því að orsaka hrunið sem yfir þessa þjóð dundi, það er hvorki þjóð né borg og borgarbúum í hag að þessi meirihluti sitji áfram við völd eftir næstu kosningar. Og ég mun koma að því síðar í ræðu minni að ég á mér þann langþráða draum að sá dagur komi að Framsóknarflokkurinn eigi ekki lengur fulltrúa í Borgarstjórn Reykjavíkur, því að þá hætta kannski þau gífurlegu hrossakaup sem hér hafa verið. Menn eru að véla og deila um ýmis þröng sérhagsmuna atriði í stað þess að halda áttum, draga úr

feiknalegu bruðli, óábyrgum fjárfestingum, fáránlegum lántökum og fjárfestingum sem um langa framtíð munu skaða borgarbúa, eins og ég kem að hér á eftir.

En ég vil gagnrýna hina í minnihlutanum fyrir það og raunar alveg síðan að þessi meirihluti tók við hvað þeirra málflutningur er óskýr. Svo óskýr að það mætti halda stundum að sá sem hér talar væri einn í minnihluta í Borgarstjórn Reykjavíkur, því að mér hefur þótt hinir í minnihlutanum á mörgum sviðum ekki síst í orkumálunum, eins og ég segi á slæmri íslensku kóa eða jafnvel alkóa með meirihlutanum í Borgarstjórn Reykjavíkur. Og dæmin eru náttúrulega nærtæk, við þurfum ekki að fara lengra en hér niður á höfnina í Reykjavík þar sem verið er að reisa af miklum krafti Tónlistar- og ráðstefnuhús sem mun verða okkur mikill skuldabaggi um langa framtíð og verða örugglega rekið með miklu tapi eftir kreppuna, sem nota bene er ekki á undanhaldi á þessu ári, borgarstjóri góður. Ég er viss um að fjármálasukkið sem leiddi þessa miklu ógæfu yfir þjóðina haustir 2008 mun verða dragbítur á margt í þessu landi næstu áratugina.

En svo að skýrt sé að orði kveðið ætla ég að leggja hér fram bókun, þar sem felur það í sér að ég hafna bæði breytingartillögu Samfylkingarinnar, það er útgjaldatillaga og það er til nóg af peningum í þessu samfélagi til að forgangsraða þannig að allir geti búið við öryggi og sæmilega velferð í þessu landi. Það er hægt að skapa feiknalega mörg störf ef við forgangsröðum rétt og hverfum frá lántökufyllerí tengdu virkjanaframkvæmdum og flotræfilsverkefnum á borð við Tónlistar- og ráðstefnuhús. En bókun mín er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Á síðasta fundi Borgarstjórnar Reykjavíkur í borgarstjóratíð minni, sem haldinn var 3. júní 2008, lagði þáverandi og núverandi oddviti Framsóknarflokksins í borgarstjórn fram svohljóðandi bókun:

„Borgarfulltrúi Framsóknarflokksins lýsir yfir áhyggjum sínum vegna yfirlýsingar borgarstjóra um að fresta verkefnum og hægja á fjárfestingum á vegum borgarinnar vegna breyttra ytri aðstæðna á sviði efnahags- og atvinnamála.

Færa má rök fyrir slíkri ákvörðun í fjármálum einstaklinga og fyrirtækja en Reykjavíkurborg er ekki bara fyrirtæki heldur samfélag sem snertir hvert einasta heimili í borginni. Reykjavíkurborg á við þessar aðstæður að nýta tækifærið og leggja í nauðsynlegar framkvæmdir til þess að fá í þær hagstæð verð um leið og spornað er gegn yfirvofandi atvinnuleysi. Rökstuðningur meirihlutans að þessi yfirlýsing sé bara kannski og ef til vill segir í raun allt um stefnuleysið sem Borgarstjórn Reykjavíkur býr við um þessar mundir.“ Tilvitnun lýkur.

Þessa bókun verður að líta á í ljósi þeirrar staðreyndar að ein ógæfulegasta og hroðvirkasta ákvörðun sem nokkurn tíma hefur verið tekin hér í Borgarstjórn Reykjavíkur átti sér stað 15. janúar 2003, þegar að samþykkt var að Reykjavíkurborg ábyrgðist lántökur Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar. Helstu talsmenn þeirrar framkvæmdar voru einmitt fjórir helstu forystumenn Framsóknarflokksins í lok síðustu aldar og í byrjun þessarar aldar, þau: Halldór Ásgrímsson, Finnur Ingólfsson, Valgerður Sverrisdóttir og Siv Friðleifsdóttir. Á sama hátt og Kárahnjúkavirkjun átti mikinn þátt í fjárhagslegu hruni Landsvirkjunar, sem er orðin staðreynd.

Hafa lántökur Orkuveitu Reykjavíkur ekki síst í tengslum við orkusölu á undirverði til erlendra málmbræðslufyrirtækja sett fyrirtækið í vægast sagt erfiða fjárhagsstöðu. Helsti talsmaður virkjana í tengslum við þessa orkusölu og lántökur í því sambandi er og hefur verið Framsóknarflokkurinn og fulltrúar hans í borgarstjórn. Undirritaður er og hefur verið eindreginn andstæðingur þessara lántaka, eins og sjá má í fundargerðum borgarstjórnar á þessu kjörtímabili. Ég vil enn og aftur minna á að fjárfestingar í ýmsum gæluverkefnum meirihlutans í Borgarstjórn Reykjavíkur og gríðarlegar lántökur tengdar því hafa sogað til sín fjármagn frá öðrum þáttum atvinnulífsins, sem mundu skapa miklu fleiri störf og verðmæti til framtíðar. Þessari ógæfulegu staðreynd verður ekki snúið við á meðan að Framsóknarflokkurinn hefur lykilstöðu við meirihlutamyndanir í Borgarstjórn Reykjavíkur. Ég vænti þess að Framsóknarflokkurinn þrátt fyrir sína sterku fjárhagslegu bakhjarla muni ekki ná inn kjörnum fulltrúi í næstu borgarstjórnarkosningum, þá fyrst geta Reykvíkingar litið til bjartari framtíðar í borginni.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

1. mál **Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða**

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér á sér stað um þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar og er að langflestu leyti ágætlega málefnaleg. Hér fer fram síðari umræða um málið og er að mörgu leyti villtari heldur en hún var við fyrri umræðuna og mikilvægt að draga það saman sem hér hefur komið fram.

Það sem talar náttúrulega skýrustu máli í þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar er það sem borgarstjóri fór yfir – engar skattahækkanir eru áformaðar á þessu tímabili og gríðarleg áhersla á verklegar framkvæmdir við þessar erfiðu aðstæður í mannvirkjagerð og byggingariðnaði í landinu. Það hefur verið megin stefna þessa meirihluta og frá því hann var myndaður í ágúst 2008, að vinna hlutina með þessum hætti, að hækka ekki skatta og halda úti háu framkvæmda og atvinnustigi á meðan við förum svona í gegnum erfiðasta hjallann í þessari kreppu sem riðið hefur yfir. Það sem veldur mér hins vegar áhyggjum í máli, sérstaklega Samfylkingarinnar og að einhverju leyti fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs líka, þar sem þeirra flokkar fara með stjórn landsmálanna, hvað þau tala afdráttarlaust um það að sama kreppa verði uppi árið 2014 eins og við búum við í dag og bjuggum við í fyrra og hófst hér á haustmánuðum 2008. Það veldur virkilega og vissulega áhyggjum.

Oddviti Samfylkingarinnar, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, hann nefndi það að forsendur þriggja ára áætlunar gerðu ráð fyrir því að kreppan mundi halda áfram út kjörtímabilið og lagði það svo einhvern veginn þannig út, að þetta væru nú forsendur meirihlutans, forsendur borgarstjórans í Reykjavík að spá fyrir um endalaus kreppu áfram og kreppu út næsta kjörtímabil. Það er mikill misskilningur. Ef pólitíkin í Borgarstjórn Reykjavíkur gæti sest niður og samið forsendur fyrir fjárhagsáætlun, þá mundu nú hlutirnir líta allt öðru vísi út. Þannig er bara ekki staðan. Forsendurnar eru unnar af borgarhagfræðingi og nánnum sérfræðingum borgarstjóra og ráðhússins í því að meta horfur í efnahagsmálum. Þannig eru þessar fundnar og unnar og miða við þá vinnu og miðað við það gerum við okkar áætlanir. Það væri vissulega heppilegra að geta við þessar aðstæður tveimur og hálfum mánuði fyrir kosningar sagt; ja hér verður allt í stakasta lagi.

Eins og forsendurnar séu bara svona og svona og þær séu bara eitthvað tilbúið fíff, en svoleiðis er það bara ekki. Forsendurnar liggja fyrir, lagðar fram af hæfu fólki sem er vakið og sofið í því að vakta stöðuna og það er við þær aðstæður sem við gerum okkar þriggja ára áætlun. Og ég hef áhyggjur af því, virkilegar áhyggjur af því, að forystumenn ríkisstjórnarflokkanna hér í Borgarstjórn Reykjavíkur spái áframhaldandi kreppu til ársins 2014. Það er verulegt áhyggjuefni.

Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson talaði líka um 70% niðurskurð í framkvæmdum og ég verð nú að segja að mér finnst það sérkennilega til orða tekið, að tala um niðurskurð í framkvæmdum. Framkvæmdir og framkvæmdafé það er ekki endilega eitthvað sem er og mun alltaf verða. Framkvæmdir og framkvæmdaáætlanir eru yfirleitt tímabundin verkefni og það veit fólk og finnur bara á eigin skinni að þegar fólk byggir sér hús, kaupir sér íbúð eða fer í einhverjar sérstakar fjárfestingar að þá er það tímabundið ástand. Fólk hefur lagt fyrir áður en það fer í slíkar aðgerðir og safnar síðan kröftum á eftir – eftir að þeim hefur verið lokið.

Það er nákvæmlega það sem borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík er að gera. Að við ætlum að fara í gegnum þessar þrengingar í efnahagslífinu með háu atvinnustigi til þess að ýta undir uppbyggingu í byggingariðnaði og í mannvirkjagerðinni sem virkilega þarf á því að halda við þessar aðstæður og það höfum við gert. Sýnt það og sannað, bæði með fjárhagsáætlun 2009 og 2010, og framkvæmt fyrir 25 milljarða hvort ár á meðan að ríkið sem er sennilega 6-8 sinnum stærra hagkerfi er að framkvæma fyrir 10 milljarða á þessum árum. Og það er ekki rétt sem fram kom hjá borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni að það hafi verið met ár í framkvæmdum árið 2009 hjá Vegagerðinni, það var árið 2008.

Eftir að kreppan skall á að þá hefur ríkisstjórnin dregið saman í verklegum framkvæmdum. Og ég hef velt því fyrir mér með fullri sanngirni hvernig standi á því að ríkisstjórnin í raun og veru geri ekki það sama og Reykjavíkurborg hefur gert við þessar aðstæður, að taka til í rekstrinum hjá sér annars vegar en taka svo framkvæmdirnar og fjárfestingarnar hins vegar og setja kraft í það. Og ég held að einfalda svarið við því sé í raun og veru það, að ríkisvaldið og ríkisstjórnin hefur ekki gert það sama og Reykjavíkurborg hefur gert, að skipta upp rekstrinum hjá

sér annars vegar í almennan rekstur og hins vegar í fjárfestingar. Og ef ríkisvaldið og ríkisstjórnin mundi fara í það, þannig að fjárfestingarnar og framkvæmdirnar séu sýnilegar og almenni reksturinn sýnilegur, þá mundu menn geta gert það sama og við höfum verið að gera, að hagræða í almenna rekstrinum, en að setja fjármagn til framkvæmda í eignasjóðnum og sigla þannig í gegnum kreppuna. Það voru ráð mín til ríkisstjórnarinnar að horfa til þess sem Reykjavíkurborg hefur verið að gera og athuga hvort að það gæti ekki hjálpað þeim við þessar aðstæður.

Ég veit ekki hvort að það var skot yfir markið hjá oddvita Samfylkingarinnar að flytja tillögu í sínu máli um að Reykjavíkurborg mundi verja sömu upphæð til framkvæmda út tímabil þriggja ára áætlunarinnar eins og gert hefur verið fyrir árið 2010 og 2009. Ekki nema það bara að í hjartans einlægni þá sé hann svo einlægur aðdáandi þessara tveggja áætlana, fjárhagsáætlana árána 2009 og 2010, áætlanir sem hann treystir sér ekki til að samþykkja. En þar var tekin þessi stóra ákvörðun, ákvörðun um það að fara í hátt framkvæmdastig við þessar aðstæður og það er gert og það er fjármagnað með lántökum við þessar aðstæður.

Ef Reykjavíkurborg ætlar að halda áfram sama framkvæmdastiginu fyrir árið 2011, 2012 og 2013 þá þýðir það áframhaldandi lántökur fyrir borgina. Og þá þarf borgarfulltrúinn og Samfylkingin í raun og veru að svara því, hvort að þeir telja að það sé ásættanlegt fyrir borgina að fara í áframhaldandi lántökur til þess að halda uppi atvinnustigi við þessar aðstæður. Og það er mjög sérkennilegur málflutningur, þegar að horft er til þess að í umræðum um Orkuveitu Reykjavíkur og skuldastöðu hennar að þá gagnrýnir sami flokkur, Samfylkingin í borgarstjórn, borgarstjórnar meirihlutann í Reykjavík fyrir að hafa farið offari í fjárfestingum fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. En svo snúum við blaðinu og förum að tala um A-hlutann og tölum um Reykjavíkurborg, þá er ekki nóg að gert í lántökum og fjárfestingum til þess að halda úti atvinnustigi. Og ég held að ég verði í fullri vinsemd að vísa þessu til föðuruhúsanna, þessum málflutningi Samfylkingarinnar um fjárfestingar og fjármál Reykjavíkurborgar, vegna þess að þegar allt er skoðað þá heldur þetta ekki nokkru vatni.

En ég held að það væri ágætt að oddviti Samfylkingarinnar svari því bara á eftir með hvaða hætti hann vill fjármagna þær framkvæmdir sem hann vill fara í á þessu tímabili. Ég er nú svo sem alveg til í að hjálpa honum aðeins í því, vegna þess að ef það gerist að þær fjárfestingar sem Reykjavíkurborg er að ráðast í við þessar aðstæður eru farnar að skila eignasjóði tekjum á tímabilinu 2011-2014 að þá er alveg hugsanlega orðinn nýr möguleiki og nýjar forsendur til þess að endurskoða framkvæmdaáætlunina, vegna þess að þá er þá komið eigið fé í sjóði borgarinnar til þess að ráðast í framkvæmdir. Og þá get ég að minnsta kosti svarað fyrir mig að því leyti þó að ég verði ekki hér á þeim tíma, að þá er vissulega tilefni til að endurskoða framkvæmdaáætlun í þriggja ára áætlun ef þær fjárfestingar sem við erum að fara í núna eru farnar að skila okkur tekjum á þeim tíma.

Vonandi verður það þannig, en það er ekki þar með sagt að það verði forsendurnar í raun og veru, ég geri ekki ráð fyrir því. En um leið og hagkerfið og hjól atvinnulífsins fara að snúast á nýjan leik að þá eru þetta fjárfestingar sem Reykjavíkurborg á og eru fljótar að byrja að skila arði. Við eigum fullbyggð frágengin hverfi sem geta verið fljót að byggjast upp. Við erum með fullfráegna byggða skóla, leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili. Þannig að Reykjavíkurborg er mjög álitlegur kostur fyrir fólk sem er að huga að sínu framtíðarheimili þegar hjól efnahagslífsins fara aftur á stað, vegna þess að hér höfum við verið að undirbúa framtíðina á þeim erfiðu tímum sem við stöndum frammi fyrir núna.

Ég veit nú ekki hvort ég á að svara borgarfulltrúanum með það að Ráðhúsið í Reykjavík og borgarstjórnar meirihlutinn í Reykjavík sé síðasta vígi frjálshyggjunnar. Ég hef nú aldrei verið sérstakur aðdáandi hennar og svona biðst nú undan því að vera látinn bera mikla ábyrgð á henni, enda er það ekki svo. [Frammíkal] Það er ekki svo að hér sé um að ræða einhverja frjálshyggju eða frjálshyggju ekki pólitík í gangi. Hér er bara verið að tala um einfalda hluti, fræðilega hluti og viðbrögð opinberra aðila við kreppum og efnahagslega hvernig menn bregðast við því, og alveg sama hvernig menn skoða það og hvar þeir koma að því máli, að þá er borgarstjórnar meirihlutinn í Reykjavík að gera þá rétt. Og menn ættu að líta sér nær í þeim efnunum.

Nú, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hann skautaði líka hratt yfir það í andsvari við ræðu borgarfulltrúa Gísla Marteins Baldurssonar þegar verið var að ræða um mismun á framkvæmdafé hjá ríkinu og Reykjavíkurborg, að það væru gríðarlega margar framkvæmdir áformaðar hjá ríkinu. Þá kann það vel að vera. En á útboðsþingi sem haldið var í síðustu viku, þar sem opinberir aðilar kynntu sínar framkvæmdaáætlanir fyrir árið 2010, þá var þar ekki hægt að sjá þessar svokölluðu áformuðu framkvæmdir. Það getur vel verið að menn séu að tala um það. Menn eru að tala um Háskólasjúkrahúsið, samgöngumiðstöðina, Suðvesturlínu. En þegar maður skoðar framkvæmdaáætlanir þessara opinberu fyrirtækja að þá finnst þess ekki staður í fjárhagsáætlunum þessa árs. Og ef þessar framkvæmdir eru raunverulega áformaðar hjá ríkisvaldinu þá held ég að menn séu að tala um það í fyrsta lagi á árinu 2011, vegna þess að það stendur ekki til að fara í það á þessu ári.

Og það getur verið gott og svo maður segi það bara eins og það er, það getur verið gott að ríkið tekur við sér um það leyti sem Reykjavíkurborg ætlar að fara að hægja á, vegna þess að það verður ekki af Reykjavíkurborg og Orkuveitunni tekið að það eru þeir aðilar sem eru búnir að halda uppi framkvæmdastigi á tímabilinu árið 2008-2011 á meðan að aðrir opinberir aðilar hafa haldið að sér höndum. Og þannig að Reykjavíkurborg hefur verið að vinna gríðarlega mikilvægt starf til þess að halda hér úti atvinnustigi við þessar aðstæður. Vegna þess að aðrir opinberir aðilar hafa ekki verið að gera það nema að mjög litlu leyti.

Oddviti Vinstri grænna, Sóley Tómasdóttir, talaði um það að þriggja ára áætlunin væri illa unnin og lítill metnaður meirihlutans í þessari þriggja ára áætlun og í raun og veru væru skilaboðin þannig að það væri eins og við héldum að kreppunni mundi ljúka bara um áramótin. Og svo sannarlega er það ekki niðurstaða þriggja ára áætlunarinnar eða forsendur hennar, eins og fram kom í mínu máli og annarra hér áðan. Forsendur þriggja ára áætlunar gera nefnilega grein fyrir því að efnahagsástandið haldi áfram að vera slæmt og það er þannig sem við vinnum með málið. Á öllum liðum og öllum þóttum, hvort sem að við erum að tala um útsvarshækkningar, framkvæmdir, þjónustu í velferðarmálum eða almenna þjónustu, grunnþjónustu borgarinnar að þá erum við að horfa til þeirra þátta.

Að síðustu þá vil ég bregðast við því sem kom fram hjá Ólafi F. Magnússyni borgarfulltrúa um bókun frá undirrituðum frá því í maí eða júní 2008, þar sem ég gagnrýndi hann sem borgarstjóra þá fyrir að draga úr verklegum framkvæmdum vegna breytinga í efnahags- og atvinnuumhverfi svo það sé nokkurn veginn nákvæmlega orðað. Og ég held einmitt að sú bókun hafi verið í tíma töluð og mjög gott að fá hana rifjaða upp við þessar aðstæður. Vegna þess að í maí eða júní árið 2008, þá horfðum við til verulegs samdráttar í byggingariðnaði á Íslandi og á höfuðborgarsvæðinu, verulegur samdráttur. Þó að enginn geri sér grein fyrir því að hér yrði kerfishrun og það var við þær aðstæður sem ég varaði við því að borgarstjórnar meirihlutinn í borginni færi að draga saman í verklegum framkvæmdum við þriggja ára áætlun. Þetta gagnrýndi ég og þessu breytti ég, og sá meirihluti sem nú starfar, í ágúst það ár þegar að við lögðum sérstaka áherslu á verklegar framkvæmdir á því tímabili sem nú er að líða. Þannig að þau orð voru í tíma töluð og mikilvæg í raun og veru að á þeim tíma hafi sú þriggja ára áætlun verið gagnrýnd og síðan breytt í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og þeim áætlunum sem lagðar hafa verið fram eftir þann tíma.

En ágætu borgarfulltrúar að lokum vildi ég segja það, að stefna meirihlutans í Borgarstjórn Reykjavíkur er býsna skýr og talar sínu máli við framlag þessarar þriggja ára áætlunar, sem er lögð fram við mjög erfiðar aðstæður og mörg sveitarfélög í landinu glíma við erfiðar fjárhagsáætlanir um þessar mundir. Þessi þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar er mjög ábyrg, þar sem ekkert er dregið undan í því sem hugsanlega kann að vera og erfiðleikar framundan, en borgarstjórnar meirihlutinn í Reykjavík hann mætir því með ábyrgð og festu og dregur ekkert undan í þeim efnum.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu hans borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil nú þakka borgarfulltrúa Framsóknarflokksins fyrir að hafa svarað mér en ekki bara hinum flokkunum í ræðu sinni. Og vil líka þakka honum góð ráð í garð ríkisstjórnarinnar, sem ég er nú enginn sérstakur aðdáandi á frekar en borgarfulltrúinn, þer þó örlitla ábyrgð á þar sem ég átti ekkert annað val í síðustu alþingiskosningum en að kjósa Vinstri græna, en við vitum náttúrulega eins og margir að þeir stóðu ekki við það sem að þeir sögðu fyrir kosningar, hvorki í Icesave og raunar hafa ekki heldur haldið nægilega vel höfði í virkjana- og umhverfismálum. Það er önnur saga það hefur ekki verið mikið val fyrir náttúruverndarsinna þessa lands í alþingiskosningum undanfarið. Og það verður alla vega bætt úr því í næstu borgarstjórnarkosningum því að þá mun sá sem hér stendur, þrátt fyrir mikið mótstreymi, reyna að halda þessum málum á lofti í kosningabaráttunni. Mér finnst fjórflokkurinn ekki gera það.

En ég vil enn og aftur minna á það að þegar að nýr meirihluti var myndaður hér í Borgarstjórn Reykjavíkur í ágúst 2008 að þá voru svona ýmsir frasar viðhafðir, fyrir utan það náttúrulega að kenna þann sem hér stendur við allt illt, allt frá því að vera ég veit ekki hvað – ákvarðanafælinn, klikkaður og ósamstarfshæfur. Þetta voru svona frasarnir sem birtust á forsíðu Morgunblaðsins frá kollegum mínum í fyrrverandi meirihluta, Sjálfstæðismönnum. Allt saman órökstuddar dylgjur til að reyna að afsaka óheilindin við samstarfsslitin sem voru ekki byggð á neinum rökum heldur valdagræðgi núverandi borgarstjóra. En eitt af því sem var reynt að nota sem afsökun það var að ég væri andstæðingur Bitru-framkvæmdarinnar og ég vil spyrja Óskar Bergsson, sem ég veit að er sérstakur áhangandi allra slíkra áforma eins og Bitru-virkjunar, þrátt fyrir að það mundi fela í sér gífurleg náttúruspjöll, lántökur og mjög óarðbærar fjárfestingar fyrir þessa kynslóð og næstu, hvort að hann sé ennþá að leyfa sér að dreyma um þá framkvæmd sem þessi meirihluti sem nú starfar lýsti yfir að hann ætlaði að reyna að koma á laggirnar, Bitruvirkjun. En ég sé að tími minn er útrunninn, forseti, en ég vil biðja borgarfulltrúa Óskar Bergsson að svara því hvort að hann dreymi enn um Bitru.

Bstj. 16. mars 2010

Forseti: Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar Óskar Bergsson borgarfulltrúi andsvari.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar og borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon sem spurði hvort mig dreymir enn um Bitru. Að þá hefur það gerst í millitíðinni að það hefur orðið efnahagshrun á Íslandi þar sem skuldir eins stærsta orkufyrirtækis landsins hafa aukist yfir 100%. Það fyrirtæki sem hugðist kaupa orkuna úr Birtu-virkjun til kísilflögugerðar í Þorlákshöfn hvarf á braut eftir að stjórn Orkuveitunnar ákvað að fresta framkvæmdum við Bitru. Þannig að orkukaupandi er ekki á staðnum. Skuldastaða fyrirtækisins hefur stórauðist vegna efnahagshrunsins, þannig að það er ekkert í spilunum sem bendir til þess að Birta sé á dagskrá um þessar mundir.

En svo ég svari því hvort að draumurinn sé ennþá fyrir hendi, þó mig dreymi ekki um hann á hverri nóttu, að þá held ég að Bitra sé mjög góður virkjanakostur eftir að Hverahlíðarvirkjun lýkur. Þar hefur verið horfið frá virkjanaframkvæmdum við Ölkelduháls, margir tala um Bitruvirkjun eins og virkjun við Ölkelduháls, en það hefur verið komið til móts við öll sjónarmið umhverfisverndar sem vissulega áttu fullan rétt á sér þegar að talað var um Ölkelduhálsvirkjun. Þannig að ég tel að virkjun við Bitru og framkvæmdir þar eigi fullan rétt á sér þegar að þar að kemur. En svo að ég svari borgarfulltrúanum aftur þá dreymir mig ekki lengur um það á hverri nóttu, en það mun koma í framtíðinni væntanlega.

Forseti: Óskar Bergsson borgarfulltrúi hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi andsvar öðru sinni.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Ólafur F. Magnússon: Þakka þér fyrir borgarfulltrúi Óskar Bergsson fyrir hreinskilin svör, svo hreinskilin að það liggur við að ég bjóði þér sæti á lista mínum í vor nema að þú verðir skipaður í heiðurssæti Framsóknarflokksins. En þetta voru óvenju skýr og heiðarleg svör miðað við það sem tíðkast hér í Borgarstjórn Reykjavíkur þegar að menn tala yfirleitt í hringi. En eins og ég sagði um málf lutning Samfylkingarinnar hérna; málfundaæfingamorfisfroða, malað út í eitt, glamuryrði gjarnan hnoða, en gera ekki neitt. Þannig að þetta var fullkomin andstaða við þessa vísu hjá þér borgarfulltrúi Óskar Bergsson og þakka þér fyrir hreinskilnina.

En það sem að ég ætlaði að nefna eru áhyggjur af því að Orkuveitan sé ennþá með drauma um framkvæmdir á Hellisheiði og í Hverahlíð. Við verðum að staldra við og huga að framtíðinni. Við verðum að fara varlega með auðlindina sem þegar er í hættu að mínu mati. Það er gengið svo hratt fram, án nægilegs undirbúnings eða vísindalegra raka í að virkja þessa auðlind. Og spár Jóhannesar gamla Zoëga hitaveitustjórans gætu ræst einn góðan dag; að við ættum ekki lengur heitt vatn á ofnana okkar eða vatn í laugarnar.

En ég segi að það liggur alveg ljóst fyrir að frá almannahagsmunum eru næstu virkjanaframkvæmdir sem á að fara í hér og vonandi eru það arðbærari og skynsamlegri verkefni heldur erlendrar málmbæðslu - orkusölu til hennar. Það er að sjálfsögðu virkjanir í neðri Þjórsá, ég skil ekki andstöðu margra samherja minna í umhverfismálum sem eru nú margir í Vinstri grænum að þeir skuli berjast með sérhagsmunum fólksins á Þjórsársvæðinu. Það er aðallega fólkið á svæðinu sem berst gegn því að það verði virkjað í námunda við það sjálft. En þetta eru augljóslega langarðbærustu framkvæmdir í virkjanamálum sem hægt er að ráðast í, það eru rennslisvirkjanir við Urriðafoss og aðrar slíkar. Þannig að ég vil eiginlega bara biðja borgarfulltrúann að koma hér og lýsa yfir stuðningi yfir þessi sjónarmið mín.

Bstj. 16. mars 2010

Forseti: Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi hefur lokið við að veita andsvar. Þá veitir Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi andsvar við ræðu borgarfulltrúa Óskars Bergssonar.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Við verðum nú að byrja að velta aðeins vöngum yfir því hvað hefði mögulega gerst ef að hrunið hefði komið ári síðar. Sætum við þá uppi núna með fjárfestingar í Bitru, sem við þyrftum að fjármagna með einhverjum hætti og endurfjármagna og halda áfram með. Var það í alvörunni ætlun meirihlutans að halda áfram að fjárfesta þrátt fyrir að ýmsar blikur væru á lofti. En það sem að ég ætlaði að segja hér er að borgarfulltrúi Óskar Bergsson talaði um að stefna meirihlutans á næstu þremur árum væri skýr. Hann talaði um útsvar og framkvæmdir – það er rétt. Það kemur ýmislegt fram um útsvar og framkvæmdir í þessu plaggi sem að ég er með hér, en hann talaði líka um að stefna meirihlutans væri skýr varðandi þjónustu í velferðarmálum og ýmissi annarri þjónustu borgarinnar.

Mér þætti vænt um ef að borgarfulltrúinn gæti komið hérna upp og bent mér á hvar í plagginu þessi skýra sýn meirihlutans varðandi velferðarþjónustu eða aðra þjónustu borgarinnar kemur fram. Það eina sem að ég get fundið hér, með leyfi forseta, er framlög til málaflokka og þróun þeirra á árinu 2007 sem má sjá á mynd 7, helstu niðurstöður aðalsjóðs og breytingar milli ára er að finna í töflu 2. Meira var það ekki. Mynd 7 sýnir óbreytt framlög til málaflokkanna á næstu þremur árum. Ég óska eftir því að borgarfulltrúi Óskar Bergsson komi hér upp og segi mér hvar þessi skýra sýn meirihlutans í velferðarmálum og annarri þjónustu borgarinnar er til staðar.

Forseti: Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar Óskar Bergsson borgarfulltrúi andsvari.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Já hvað hefði gerst ef hrúnið hefði orðið ári síðar. Sennilega hefði það bara orðið verra ef maður talar um heildarafleiðingarnar heldur en að það skyldi gerast árið 2008 um haustið. Það er alveg ljóst og hefur alveg verið skýr vilji þessa meirihluta alveg frá því að hann var stofnaður að hann hefur verið tilbúinn að ráðast í framkvæmdir ef að hann hefur talið þær arðbærar. Og það hefur verið stefna Orkuveitu Reykjavíkur líka. Að það hefur ekki verið farið í framkvæmdir hjá Orkuveitu Reykjavíkur nema orkukaupandi sé fyrir hendi, þannig að tekjur vegna framkvæmdarinnar liggi fyrir og það er skýrt.

En af því að borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir vill fara í smáatriðin í þriggja ára áætluninni þá er það yfirleitt ekki vaninn við framlagningu þriggja ára áætlunar að menn fari ofan í smáatriðin hérna. Hins vegar þegar horft er til heildarfjármögnunar í málaflokkum, þá kemur í ljós að það stendur til að halda áfram á sömu braut og gert hefur verið. Það hefur verið forgangsraðað í þágu barna og velferðar hjá þessum meirihluta við þessar erfiðu aðstæður sem við höfum verið að sigla í gegnum og það verður haldið áfram á sömu braut. En eins og borgarfulltrúinn veit að þá er ekki farið ofaní smáatriði við framlagningu þriggja ára áætlunar.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að veita andsvar. Og þá svarar andsvari borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Sóley Tómasdóttir: Takk fyrir það, forseti, góðir borgarfulltrúar. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson veit jafn vel og ég að það er víst hefð fyrir því að farið sé ofaní einstaka málaflokka og mér þykir borgarfulltrúinn helst til djarfur að tala um framlög til málaflokka borgarinnar sem smá atriði. Það er bara alls ekki. Hann sagði fyrst að borgarfulltrúinn vill fara ofaní smá atriði þá er ekki hefð fyrir því að einstakir málaflokkar séu tíundaðir í þriggja ára áætlun. Það er ekki rétt. Á síðasta ári var ekki farið ofaní einstaka málaflokka, en allar þriggja ára áætlanir þar á undan, bæði sú sem lögð var fram 2006 og 2007 eru með greinargerðum um hvert einasta fagsvið borgarinnar og hvert einasta B-hluta fyrirtæki. Svo er ekki núna og ég óska eftir því að fá upplýsingar um þessa skýru sýn sem að borgarfulltrúinn talaði um hérna áðan og hafa þær skriflegar, því að það er ekki nóg að við ræðum það hér eða að þið talið um það í meirihlutanum í löngu máli á fundum hver ykkar sýn sé. Og það er réttur borgarbúa að fá að vita hvernig þið hyggist bregðast við því ástandi sem er fyrirsjáanlegt á næstu þremur árum.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Og þá svarar andsvari borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er útúrsnúningur hjá borgarfulltrúanum að ég líti á almennan rekstur og velferðarmál í borginni sem smá atriði, það er bara hreinn útúrsnúningur. Ég er að tala um að það sé ekki farið ofaní smá atriði – hreina sundurliðun í þriggja ára áætlun, það var það sem ég átti við. Það sem meirihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur er að gera, hefur verið að gera og stefnir á að gera, það er að forgangsraða í þágu barna og velferðar. Það hefur sýnt sig í þeim fjárhagsáætlunum sem við höfum lagt fram, staðið við og minnihlutinn hefur ekki treyst sér til þess að standa með okkur að, en þar eru skilaboðin algjörlega skýr. Og eftir því verður unnið áfram. Og ef við förum til baka og skoðum það líka hvað velferðarmálin – þau hafa til dæmis ekki gengið í gegnum neina hagræðingu eins og aðrir rekstrarþættir. Og við höfum látið hörðu málaflökkana hagræða meira hjá sér heldur en mjúku málin, ef svo má að orði komast. Þannig að skilaboð og sýn meirihlutans í öllum málaflökkum borgarinnar hafa verið skýr og eru skýr í framlagningu þessarar þriggja ára áætlunar.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir að gera stutta athugasemd.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla að benda borgarfulltrúa Óskari Bergssyni á að fara inn á útgefið efni undir fjármálaskrifstofu og skoða þriggja ára áætlanir sem gerðar voru fyrir árið 2009. Þar er farið ofaní smá atriðin sem að hann vísaði til hér áðan. Hann sagði jafnframt að það væri skýr stefna meirihlutans – það sem hann hefði gert og það sem að meirihlutinn stefndi að, væri að forgangsraða í þágu barna og velferðar. Ég mundi vilja að borgarfulltrúinn kæmi hér upp og segði mér hvar í þessu plaggi það stendur. Hvar stendur eitthvað um það að hér sé verið að forgangsraða í þágu barna og velferðar og hvar kemur það fram að velferðarsvið hafi ekki tekið á sig neina hagræðingarkröfu. Það hefur ekki verið neitt verðbætt til velferðarsviðs sem að gerir það að verkum að sú upphæð sem þangað fer er lægri að raunvirði heldur en það sem að plögginn gefa til kynna. En ég óska ennþá eftir upplýsingum um hver þessi skýra stefna sé og hvar það standi að hér sé verið að forgangsraða í þágu barna og velferðar.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá gerir borgarfulltrúi Óskar Bergsson einnig stutta athugasemd.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Óskar Bergsson: Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Borgarfulltrúinn tók fram að velferðarsviðið hefði ekki fengið verðbætur. Það fengu engin svið og engin fyrirtæki verðbætur hjá borginni [frammícall] ... já, já og það er hagræðingarkrafa. Og kerfi sem stöðugt hefur blásið út eins og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar hefur verið að gera, það hefur orðið að taka á sig meiri hagræðingu núna heldur en að það hefur áður þurft að venjast. Og við forgangsröðuðum í þágu barna og velferðar með því að þeir málaflokkar sem koma þar helst við sögu, þeir hafa ekki þurft að bera skerðingu eins og hinir. Þó að velferðarsviðið hafi ekki fengið verðlagsbætur þá var það heldur ekki í leikskólunum, ekki í grunnskólunum, en það voru þeir málaflokkar sem þurftu að taka á sig einhverja skerðingu. Hörðu málaflokkarnir þurftu að taka á sig mun meiri skerðingu. Þannig að stefnan hefur alveg verið skýr þó að borgarfulltrúinn finni þessu ekki stað nákvæmlega og geti ekki lesið um það með berum orðum, þá er stefnan skýr, hún hefur verið lögð núna fram til næstu þriggja ára og talar sínu máli.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Og þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Mér finnst nú reyndar eins og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hafi bara ekkert hlustað á fyrri umræðuna þrátt fyrir að hún hafi tekið þátt í henni og ekki lesið gögnin sem fyrir liggja, og ekki lesið fjárhagsáætlun ársins 2010. Vegna þess eins og kemur fram í öllum þessum plöggum borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir þá byggir þessi þriggja ára áætlun á grunni fjárhagsáætlunar ársins 2010 og fylgir þeirri stefnumörkun sem þar kemur fram. Stefnumörkun fjárhagsáætlunar 2010 er algjörlega skýr og meðal annars sagði þáverandi oddviti – núverandi oddviti, hann reyndar mælir ekki hér fyrir Vinstri græna í dag og gerði það heldur ekki við fyrri umræðu, talaði hann um það í sinni síðari ræðu í fjárhagsáætlun ... fyrir 2010, að það væri ljóst að sjá mætti þess merki í þessari fjárhagsáætlun að allir borgarfulltrúar væru sammála um það að forgangsraða í þágu barna og velferðar og þess sæist merki.

Þessi áætlun borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir til þriggja ára, það er mörgum sinnum sagt og búið að segja það margsinis í öllum plöggum sem hafa verið lögð fyrir borgarráð, í öllum plöggum sem hér liggja frammi að hún byggir á grunni fjárhagsáætlunar 2010. Þar kemur skýrt fram að ekki er klippt á þjónustu til dæmis er varðar velferð, það er enginn niðurskurður á þeirri þjónustu. Það er minni niðurskurður á þjónustu er tengist börnum, í leikskólum, grunnskólum, ÍTR og svo framvegis. Harðari niðurskurður annars staðar og ég skil ekki að við séum einhvern veginn, eins og við séum bara allt í einu komin á núllpunkt. Það liggur algjörlega fyrir og hefur alltaf legið fyrir, að þessi þriggja ára áætlun byggir á þeirri stefnumörkun sem kemur fram í fjárhagsáætluninni 2010.

Og svo talar borgarfulltrúinn eins og það sé bara – kemur hvergi fram og liggur hvergi fyrir og svo framvegis. Þetta er í raun og veru eins og stundum, ég held að Dagur B. Eggertsson hafi notað það orð og er kannski dálítið til í því; hann sagði; þetta er copy/paste-fjárhagsáætlun ársins 2010. Ég hvet borgarfulltrúa Sóley Tómasdóttur til þess að lesa fjárhagsáætlun 2010, þar sem þessi forgangs röðun og þessi niðurröðun kemur skýrt fram.

Bstj. 16. mars 2010

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég kem í raun hér upp út af tvennu. Annars vegar þá sakna ég þess enn að borgarstjóri hafi fært rök fyrir því máli sínu að Reykjavíkurborg gæti ekki staðið undir óbreyttum fjárhæðum til framkvæmda og viðhaldsverkefna á næstu þremur árum, en hins vegar til hins að í raun furðar mig örlítið á því að fulltrúi Framsóknarflokksins skuli ekki deila áhyggjum okkar í minnihlutanum af atvinnustiginu og deila áhyggjum okkar af þessum bratta samdrætti í framkvæmdum hjá Reykjavíkurborg. Vegna þess að við höfum hingað til verið býsna samstíga um það, að þegar mörg hundruð til dæmis iðnaðarmenn ganga atvinnulausir um götur Reykjavíkur að þá þurfi hið opinbera og í þessu tilviki Reykjavíkurborg að leggja sig verulega fram og axla sína ábyrgð. Auðvitað er það þannig að Reykjavíkurborg getur ekki ein eða óstudd eða opinberir aðilar yfirleitt haldið hér uppi atvinnustigi, en við höfum hingað til verið sammála um það að við eigum að gera það sem við getum og teygja okkur nokkuð langt til þess að forða hér algjöru hruni á byggingarmarkaði.

Borgarfulltrúinn spyr hvers vegna þessi fjárhæð 5,3 milljarðar hafa verið valdir og veltir því upp hvort að það hafi verið vegna þess að áætlanir ársins í ár og í fyrra hafi á einhvern hátt verið fullkomnar. Það voru þær sannarlega ekki. En þó sýndu þær okkur borgarfulltrúum Samfylkingar fram á það að innan þess svigrúms sem slíkar fjárveitingar mundu skapa væri hægt að stilla upp mjög metnaðarfullri framkvæmdaáætlun. Raunar höfum við verið þeirrar skoðunar að þar gæti metnaðurinn verið mun meiri varðandi meiriháttar viðhaldsframkvæmdir heldur en hefur verið núna undanfarin tvö ár. En þarna væri líka svigrúm til þess að í raun að styrkja jafnvel fyrirtæki sem núna eru í B-hlutanum, eins og Félagsbústaði, eins og verkefni á borð við það sem ríkisstjórnin hefur núna boðað eins og varðandi hjúkrunarheimilin. Það er að segja með framlagi í formi jafnvel eigin fjár, þó að það kalli á einhverja yfirlegu um reikningsskil – til þess að boða hér í raun að verkefni sem eru áhugaverð til lengri tíma, en þessir aðilar hafa ekki treyst sér til þess að ráðast í en væri hægt að fara í í þessari mestu kreppu.

Við getum líka horft á til dæmis fasteignafélag Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í því efni. Ég ætla svo sem ekki að útfæra það í neinum smá atriðum. En okkur

sýnist í stuttu máli að þetta svigrúm gæti í raun ekki bara staðið undir framkvæmdum eins og við höfum séð á síðustu tveimur árum heldur í raun með góðri útfærslu mjög metnaðarfullum framkvæmdum á sviði viðhalds og framkvæmda sem að eru talin tímabær og arðbær til lengri tíma, þannig að Reykjavíkurborg væri að axla sína ábyrgð.

Það er síðan efni í miklu lengri ræðu að við teljum mjög áhugavert að horfa til ýmissa fordæma og fyrirmýnda erlendis, þar sem að til dæmis atvinnulausir eða atvinnulitlir meistarar eða reyndir iðnaðarmenn í raun gegna hlutverki í raun svipað um svona sveina eða lærlinga sé að ræða, vegna þess að það er eitt af því sem er mjög erfitt við núverandi aðstæður að í raun að læra til prófs, sérstaklega verklega hlutans, þegar að verkefni hafa dregist svona mikið saman.

Þannig að ég held að í stuttu máli sagt að með því að virkja alla á þessum akri, vegna þess að hugmyndirnar eru býsna margar þegar betur er að gáð, að þá væri hægt að stilla upp mjög metnaðarfullri áætlun hér á vegum borgarinnar til næstu þriggja ára, þegar að mesti og erfiðasti samdrátturinn stendur yfir, til þess að tryggja að til lengri tíma kæmi töluvert út úr þessu og að bæði fyrirtækin í þessum geira en líka bara fólkið verði ekki bara svona eins og brunninn akur á eftir. Og ég bjóst frekar við því að sérstaklega fulltrúi Framsóknarflokksins hér í sölum borgarstjórnar væri á líkum nótum. Vegna þess að mér finnst hann að mörgu leyti hafa leitt umræðuna á þessu sviði síðustu tvö ár, þó að við höfum reynt að leggja honum gott til oft með minni árangri en við hefðum viljað og ef að fer fram sem horfir, þá virðist meirihlutinn ætla að fella einfaldlega þessar breytingartillögur.

En ég bara beini því til borgarfulltrúans og hans flokks að útiloka þetta nú ekki heldur skoða þetta áfram með opnum huga, vegna þess að hér eru ákveðin þáttaskil á milli frjálshyggju og félagshyggju í því hvernig eigi að stýra borg í kreppu. Hér eru ákveðnar krossgötur í borgarpólitíkinni um það hvernig áherslur á að leggja í þessum atvinnumálum og hér eru greinilega undirliggjandi, þó að ég heyri að ýmsir vilji gera lítið úr því, undirliggjandi grundvallarmunur á skilgreiningu á hlutverki hins opinbera á krepputímum. Það er mikilvæg umræða, en það er hins vegar miklu mikilvægara að í raun þessi verkefni og þetta svigrúm sem þarf að vera fyrir hendi komist til framkvæmda. Og ég stend bara á því fastari

Bstj. 16. mars 2010

fótunum eftir að hafa lagst yfir fjárhagslegar forsendur þeirra tillagna sem við erum að gera hér, að vissulega er ekkert ánægjuefni að auka skuldir en hvenær er það réttlætanlegt. Það er réttlætanlegt til þess að standa undir svona arðbærum verkefnum sem vinna gegn atvinnuleysi á krepputímum. Ef einhvern tímann þá er það þá.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Og þá hefur hæstvirtur borgarstjóri óskað eftir að taka til máls.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Vegna þess sem borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson nefndi þá held ég reyndar að borgarfulltrúanum sé, það er eitthvað við Dag núna B. Eggertsson borgarfulltrúa sem að gerir það að verkum að hann er svona einhvern veginn að reyna að draga dálítið skýrar línur og leyfum honum það bara, það er allt svona við jafnaðarmenn og norræn velferðarstjórn og frjálshyggjan og eitthvað svona þetta er einhver ágætis kosningaútspil hjá borgarfulltrúanum. Ég ætla ekki að gera lítið úr þörf hans fyrir það að skilgreina sig með einhverjum hætti. En engu að síður held ég að hann sé að draga einhverjar þær línur sem bara ganga hreinlega ekki upp vegna þess að ef að borgarfulltrúinn skoðar umræðu sem við höfum tekið um þessi mál hér að þá höfum við öll verið sammála um það, alveg sama hvort að Dagur B. Eggertsson hengir á okkur merki jafnaðarmanna, sósalista, frjálshyggju, framsóknar eða hvað hann vill kalla það, að við höfum öll verið sammála um það að það þarf að halda úti ákveðnum framkvæmdum meðan að sveitarfélagið getur það við þessar aðstæður.

Það hefur ekki verið neinn ágreiningur um það. Borgarfulltrúanum er hins vegar mikið í mun einhvern veginn að stilla þessu upp í eitthvað svona, hann notaði mjög oft orðatiltækið hér í borgarstjórn, talar um gamaldags stjórnámálamenn og gamaldags stjórnámál. Ef einhvern tíma er þörf á að hengja eitthvert slíkt merki á Dag B. Eggertsson þá er það eiginlega núna. Því að þessi átakamiðaða tilraun til þess að einhvern veginn að draga menn í dilka er bara mjög gamaldags leið, eins og borgarfulltrúinn hefði einhvern tíma kallað það, vegna þess að við erum öll sammála um mikilvægi þess. Það er enginn ágreiningur um það, hversu oft sem borgarfulltrúinn reynir að nota það þá er það ekki.

Og ég segi eins og borgarfulltrúinn sér það og verði það staðan, segjum að það verði staðan hér árið 2012 og 2013 að íslenskt efnahagslíf og íslenskt atvinnulíf hefur ekki náð sér enn þá á fót og hér eru enn þá stórkostleg vandamál, nú þá verðum við auðvitað að endurskoða þetta. Það bara liggur alveg fyrir – þá verðum við að skoða það. En ástæðan fyrir því að ég segi; Reykjavíkurborg getur ekki borið það fram við þessar aðstæður er einfaldlega sú að ég er hér með álit frá

fjármálastjóra, álit frá borgarhagfræðing og þeim sem fara með þessi mál fyrir okkur sem ekki einasta segja að það væri lögbrot heldur segja einfaldlega að það gangi ekki upp. Þannig að ef að menn ætla að fara í þá vegferð að setja það inn í þessa þriggja ára áætlun nú þá verða menn annaðhvort að finna því stað með því að minnka lausafé borgarinnar til þess að það gangi upp í reikningum borgarinnar og gangi upp samkvæmt lögum þá verðum við að minnka lausaféð eða að við verðum að draga úr einhverri þjónustu eða við verðum að hækka skatta. Og það er bara sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir.

Síðan getur vel verið að tíminn færi okkur nýjar lausnir í því, þannig að ég ætla ekkert að fara í sama leikinn og borgarfulltrúinn er og segja eitthvað á þá lund, sem ég gæti sannarlega sagt núna; það er alveg ljóst að íbúar Reykjavíkur mega vænta þess að taki Samfylkingin við völdum hér í Reykjavík, þá hyggjast þau annað hvort hækka skatta, minnka þjónustu eða ganga þannig á lausafé að það valdi vandræðum í rekstri borgarinnar. Ég gæti alveg notað þetta sama lingó og svo gæti ég sagt, og þetta er norræna velferðarstjórnin og bent síðan hérna yfir götuna.

Alveg með sömu rökum og Dagur B. Eggertsson er með eitthvað svona frjálshyggjatal um það að þetta bendi nú til þess að hér hafi, eins og hann er nú þegar búinn að senda frá sér fréttatilkynningarnar sem eru svona: Frjálshyggjan hefur tekið völdin í Ráðhúsinu. Þetta er svona eins og nafn á einhverjum reifara sem að borgarfulltrúinn hefði kannski getað samið og boðið upp á í stúdentapólitíkinni. En þegar að við erum komin á þennan stað og þegar veruleikinn er sá sem hann er á Íslandi í dag, þá er þetta einfaldlega ekki boðlegt og merki um afar gamaldags vinnubrögð, svo ég noti nú orðatiltæki sem eru borgarfulltrúanum að góðu kunn.

Þannig að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson ástæðan fyrir því að við berum ekki fram tillögu sem felur í sér svo miklar lántökur sem að borgarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja til er einfaldlega það að það stenst ekki lög. Það stenst ekki lög fyrir utan að það setur rekstur borgarinnar og borgarsjóð í uppnám. Borgarfulltrúinn hristir hausinn, auðvitað veit hann betur en fjármálastjóri borgarinnar – við skulum ekki draga það í efa að hann hafi meira vit á rekstri

borgarinnar en hann eða helstu lykiltölum – en við það styðjumst við borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson. Það er auðvitað þannig að það er hægt og eins og ég sagði áðan það er auðvitað hægt að ganga á lausafjárstöðu Reykjavíkurborgar sem sannarlega er ágæt og eins og borgarfulltrúinn sagði áðan, en bætti auðvitað líka einhverju svona frjálshyggju-lingói um það, að borgarsjóður stæði sannarlega sterkt þrátt fyrir að frjálshyggju meirihlutinn í Reykjavík væri nú ítrekað að reyna að ganga á þá sjóði. En ég kys að taka það sem var fyrri hluti setningarinnar; borgarsjóður stendur sannarlega sterkt. Það er rétt hjá honum. Það er rétt hjá borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni þrátt fyrir hans fimm eða tíu fréttatilkynningar sem ég hef tekið saman um það að áætlanir Reykjavíkurborgar á síðasta ári stæðust ekki – þá hafa áætlanir staðist.

Þannig að lausafjárstaða Reykjavíkurborgar er sterk, hún er góð. Það væri miklu rökréttara af borgarfulltrúanum að segja; mér finnst að við eigum að ganga á þá lausafjárstöðu. Það má alveg ræða það, hvort að það væri lógískt eða að leita aukins fjármagns með öðrum hætti. En eins og borgarfulltrúinn sér þá hefur verið dreift hér á fundinum svari til hans þar sem að bent er á að þetta gengur ekki upp með þessum hætti og það er það sem við erum að verja. Við erum að verja stöðu borgarsjóðs, við erum að verja stöðu þeirrar þjónustu sem við verðum að bjóða upp á, en ég ítreka það og ég tek alveg undir með borgarfulltrúanum að sé það þannig, hann telur og er búinn að segja það ítrekað hér í ræðum sínum að ástandið verði svona slæmt árið 2013.

Það má vel vera að borgarfulltrúinn hafi rétt fyrir sér í því að við verðum, eins og hann sagði hér í fyrstu ræðu sinni, enn þá stödd í þessari djúpu kreppu. Það má vel vera að það sé rétt og sé það svo þá skal ég fyrst manna ræða það við hann, hvort að við leitum annarra leiða til þess að auka framkvæmdir. En ef að Reykjavíkurborg á að gera það þá hljótum við að gera þá kröfu að ríkisvaldið komi inn eins og borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson talaði hér um áðan með svona 120-150 milljarða, þá hljótum við að gera ráð fyrir því. En þá erum við auðvitað komin í eins og ég benti á – inn í hagkerfi sem er stýrt af hinu opinbera og þá erum við líka komin á þann stað borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, vegna þess að menn verða að vera konsekvent í því. Dagur B. Eggertsson sagði áðan að það sem væri að fara með Orkuveitu Reykjavíkur væru miklar lántökur og hann

sagði líka að það væru vandræði og hefðu komið íslensku efnahagslífi á erfiðan stað hversu mikil lán hefðu verið tekin.

Það er örugglega rétt. Þá getur lausnin varla verið fólgin í því að taka enn meiri lán án þess að við vitum hvort að við ráðum við það eða ekki. Þannig að þegar að ég segi; Reykjavíkurborg ræður við að halda úti hærra framkvæmdastigi en hún gerir það ekki í gegnum lántöku við verðum þá að gera það öðruvísi, það verður eitthvað að víkja. Og ég meina ef að borgarfulltrúinn vill forgangsraða í þágu framkvæmda á kostnað einhvers annars, þá er það umræða sem að við getum tekið. En ég held að miðað við alla þá útreikninga sem að við höfum fengið og borgarfulltrúinn hefur í höndunum, þá er það staðhæft gagnvart okkur að slík lántaka gangi ekki upp. Og hún sé ekki einungis að skila hallarekstri í eitt ár heldur halla á öllum þremur árunum. Og það auðvitað gengur ekki upp.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu og þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að veita andsvar.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Þetta var merkileg ræða. Mér fannst borgarstjóri í fyrsta lagi staðfesta það að Reykjavíkurborg getur staðið undir því að taka peninga að láni til þess að standa undir þessum framkvæmdum. [Frammíkal HBK; ekki að láni]. Áhyggjur borgarstjóra lúta greinilega að því að þetta hefur áhrif inn í reksturinn eins og sést í töflu 6 sem að er hluti af svörum til borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, sem að fjármálaskrifstofan hefur unnið og þetta eru rúmar 800 milljónir, þ.e.a.s. 90 milljónir 2011, 240 milljónir 2012 og 554 milljónir 2013. Borgarstjóri fór réttilega yfir það að það eru þrjár leiðir til þess að mæta þessu. Það er að segja með niðurskurði, sköttum eða að lækka handbært fé og það er það sem að lagt er til að gert sé í greinargerð með tillögunni þar sem segir, með leyfi forseta: Þá hefur fjármagnskostnaður áhrif á rekstrarniðurstöðu og er lagt til að þeir fjármunir leiði til lækkunar á handbæru fé sem er 11,7 milljarðar í upphafi tímabils, en 12,8 milljarðar í lok tímabils.

Þannig að gert er ráð fyrir því að þessi rekstrarniðurstaða komi til lækkunar á handbæru fé þá verður það í lok þessa tímabils engu að síður hærra en það er akkúrat núna. Þannig að þar er einfaldlega engin vát fyrir dyrum og það á ekkert að vera að tala þannig. Það á heldur ekki að vera að tala þannig eins og að 8 milljarða auknar langtímaskuldir sé eitthvað sem að borgarsjóður geti ekki staðið undir. Forsendan er auðvitað að þær framkvæmdir og þær aðgerðir í atvinnumálum sem ráðist verður í séu arðbærar og skynsamlegar líka til lengri tíma. Og það er nákvæmlega kjarni málsins varðandi það sem hér er verið að leggja til. Hér er verið að leggja til að farið sé í meiriháttar viðhald sem annars hefur verið á dagskrá 2014-2016 og viðhald sem sagt tvöfaldað á þessum krepputíma og síðan farið í framkvæmdir sem annars hefði verið farið í eftir kreppu og þá bendir allt til þess að það væri ódýrara fyrir okkur.

Þannig að jafnvel þó að einhver fjármagnskostnaður hljóti af því að flýta þeim um nokkur ár, að þá getur sparnaðurinn í framkvæmdakostnaðinum verið svo mikill að það sé hagur borgarinnar engu að síður að vinna þetta að þessu. En markmiðið er að tryggja framkvæmda- og atvinnustig og þess vegna finnst mér þetta hafa skýrst í umræðunni.

Bstj. 16. mars 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar hæstvirtur borgarstjóri andsvári.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég held að það sé hárrétt hjá borgarfulltrúanum að þetta hafi skýrst og ég held að markmiðið sé hjá Samfylkingunni og ég er ekki að gera lítið úr því að halda úti framkvæmdastigi. Ég held að það sem greini okkur að í því er það að ég tel að þetta ástand sem Dagur B. Eggertsson er að lýsa hér verði ekki með þessum hætti eða ég vona það og ég vona að hann hafi ekki rétt fyrir sér í því. En ég held að tillaga þeirra sé þrátt fyrir að við getum ekki samþykkt hana hér, enda alveg augljóst að við getum ekki gengið frá því þannig miðað við þær upplýsingar sem að við höfum úr okkar reikningum og líka vegna þess að Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi talar eins og það að standa vörð um lausafjárstöðu Reykjavíkurborgar sé bara eitthvað svona sem má alveg ganga inn á. Það er auðvitað ekki þannig. við teljum mjög mikilvægt að hafa það þannig og það er ástæðan fyrir því að Reykjavíkurborg stendur vel og fær hagkvæm lán og svo framvegis, það er að standa vörð um það. Þannig að það er allt eins mikilvægt eins og aðrir þeir tveir kostir sem ég nefndi.

En ég ætla að gera það að tillögu minni, hæstvirtur forseti, að þessari tillögu sem Samfylkingin leggur hér fram verði vísað til meðferðar í aðgerðahópi borgarráðs.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur svarað andsvari. Þá hefur Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi óskað eftir að veita andsvar öðru sinni.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Númer eitt held ég að það sé þá sammæli að það ríði borgarsjóði ekki á nokkurn hátt á slig að taka lán fyrir þessum framkvæmdum. Númer tvö að það sé ekkert feigðarflan að lækka handbært fé til þess að mæta því sem fellur á reksturinn í fjármagnskostnaði. En númer þrjú þá langar mig til þess að spyrja hvort að það geti talist eðlileg meðferð á breytingatillögu við fjárhagsáætlun að vísa henni til aðgerðahóps. Vegna þess að væntanlega er frumvarpið sjálft hér til afgreiðslu í borgarstjórn, þannig að það er ekki nema að frumvarpinu öllu sé vísað til aðgerðahóps til einhvers konar meðferðar. Ég held að það hljóti að verða að afgreiða breytingartillöguna ef að það stendur til að afgreiða frumvarpið sjálft hér á fundinum.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar borgarstjóri andsvari.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Mér fannst nú borgarfulltrúinn fara nokkuð frjálstlega með túlkanir sínar á þessu. Þegar að borgarfulltrúinn sagði; ég lít þá svo á að við séum sammála um að þetta sé ekki vont fyrir borgarsjóð, ég lít þá svo á að það sé ekki talið neitt slæmt lausafjár. Ég er algjörlega ósammála því. Ég lít svo á að til þess að standa vörð um borgarsjóð, þjónustu okkar og þau gjöld sem að við tökum af íbúum og svo framvegis, þá sé þriggja ára áætlunin eins og hún eigi að vera. Þannig bara til þess að hreinsa það. Borgarfulltrúinn lét eins við værum bara allt í einu eða ég sem hér standur - allt í einu orðin sammála þessari tillögu hans. Og varðandi það sem borgarfulltrúinn nefnir um breytingartillögu, þá er þetta nákvæmlega sama málsmeðferð og við viðhöfðum hér við fjárhagsáætlun, þar sem að við vísuðum mörgum tillögum inn í aðgerðahóp eða borgarráð, eða hvernig það var, til meðferðar og afgreiddum síðan áætlunina. Þannig að í forminu höfum við gert þetta áður og ég hef fengið upplýsingar um það frá skrifstofustjóra borgarstjórnar að þetta hefur verið gert hérna oft áður. Þannig að það er ekkert nýtt í þeirri málsmeðferð.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég kem nú hérna upp vegna þess að ég var búin með andsvararétt minn þegar að borgarstjóri svaraði því sem að ég hafði talað hér um í fyrri ræðu. Borgarstjóri sagði að ég hefði betur hlustað á umræður hér í fyrri umræðu, hlustað á það sem fulltrúar meirihlutans sögðu þá og ég hefði betur lesið fjárhagsáætlun ársins 2010. Þetta hef ég allt saman gert og það bara dugar mér ekki. Það dugar mér ekki að hér sé tíunduð einhver stefna í ræðum í Borgarstjórn Reykjavíkur sem að hvergi hefur verið sett á blað. Það kemur ekkert fram í þriggja ára áætlun meirihlutans um það hvernig eigi að mæta því álagi sem að kemur bæði til með að aukast og breytast á næstu þremur árum, vegna efnahagsástandsins.

Það er alveg ljóst að 11% atvinnuleysi á næstu þremur árum mun hafa breytt álag í för með sér. Það er alveg ljóst að álag á Barnavernd Reykjavíkur kemur til með að aukast. Það er alveg ljóst að mannréttindi verður að standa vörð um við slíkar aðstæður. Það er alveg ljóst að það verður að hækka fjárhagsaðstoð á næstu þremur árum. Svona gæti ég haldið áfram lengi, en það er ekkert sem að nefnt er í hvorki þessari áætlun né fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2010 sem gefur til kynna að meirihluti Borgarstjórnar Reykjavíkur ætli að láta sig þessi mál varða, nákvæmlega ekki neitt. Ekki bara það að þarna komi ekki fram nein áform um viðbrögð við breyttu ástandi í samfélaginu. Heldur er ekki minnst á forvarnir. Það er ekki minnst á það hvernig á að koma í veg fyrir þann vanda sem að við vitum að getur orðið ef ekki verður brugðist við.

Hér er fjölrítuð fjárhagsáætlun ársins 2010, eins og borgarstjóri nefndi hér áðan og hafði eftir a.m.k. Degi B. Eggertssyni, en ég hef þó ítrekað sagt hér að þetta sé fjölrítuð fjárhagsáætlun ársins 2010. [frammikall] Fjárhagsáætlun ársins 2010 gefur ekkert til kynna um fyrirætlanir meirihlutans á næstu þremur árum, nákvæmlega ekki neitt. [frammikall HBK; en þú segir að ...] Nákvæmlega ekki neitt um það hvernig á að bregðast við auknu og breyttu ástandi á næstu þremur árum. Fjárhagsáætlun ársins 2010 varðar árið 2010 og það er ekkert sem segir að ástandið verði eins á næstu þremur árum, ekki neitt.

Bstj. 16. mars 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég bið forláts ef það er eitthvað ókurteislega fram sett, en mér finnst borgarfulltrúinn bara tala í hring í þessum máli. Hún segir; ég hef oft sagt að þetta sé bara fjölrituð fjárhagsáætlun 2010. En samt sem áður eru forsendurnar ekki fjölritaðar. Ef að hún er fjölrituð, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir, þá er allt sem í henni er fjölritað. Forsendurnar, skilyrðin, áherslurnar allt í henni. Ef hún er fjölrituð, þá var hún ekki fjölrituð og undan voru teknar nokkrar blaðsíður.

Borgarfulltrúinn heldur því sjálf fram að þetta sé fjölritað eða copy/paste eða hvernig sem hún vill eignast þetta orðalag. Og það gengur út á það að við erum að gera ráð fyrir því að forgangsraða með sama hætti og gert hefur verið. Forgangsraða með mjög ákveðnum hætti. Og þegar borgarfulltrúinn nefnir hlut eins og fjárhagsaðstoð og allt það, það eru sannarlega viðfangsefni og stór viðfangsefni og borgarfulltrúar Vinstri grænna, hvort sem að það hafa verið Svandís Svavarsdóttir eða Þorleifur Gunnlaugsson hafa staðið mjög dyggan vörð um það og þær áherslur til dæmis inni í aðgerðahópnum. Þannig að við erum öll á sama stað hvað það varðar. En forsenda þess að okkur takist að standa vörð um hluti eins og það fjárhagsaðstoð og þessi velferðarmál er auðvitað ábyrg fjármálastjórn. Það er til dæmis ekki að steypa borginni í miklu meiri skuldir heldur en við þurfum að fara í við þessar aðstæður. Það er auðvitað ábyrg fjármálastjórn og forgangsröðun með ákveðnum hætti, þannig að ég get bara tekið undir það með borgarfulltrúa Sóley Tómasdóttur að þessi þriggja ára áætlun, hvort sem að orðað fjölfölduð eða endurspeglar fjárhagsáætlun ársins 2010 og þar eru línurnar alveg skýrar.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Forseti heimilar borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur að gera stutta athugasemd.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Sóley Tómasdóttir: Takk fyrir það forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég tala ekki í neina hringi. Það sem að ég er að benda á er að forsendurnar fyrir fjárhagsáætlun ársins 2010 leiða af sér breytt og aukið álag á borgarstofnanir á komandi þremur árum. Ef við miðum við sömu forsendur á næstu þremur árum er alveg ljóst að álagið mun verða mismikið eftir sviðum og það þarf að taka mið af því hvernig við ætlum að koma í veg fyrir slæmar afleiðingar og bregðast við því sem kemur til með að breytast. Við vitum öll að langvarandi atvinnuleysi hefur allt aðrar afleiðingar heldur en skammtíma atvinnuleysi. Við höfum ekki séð afleiðingarnar af langtíma atvinnuleysi enn þá en þær munu koma. Hvernig ætlið þið að bregðast við því. Hvar kemur það fram í plagginu um þriggja ára áætlun eða í fjárhagsáætlun ársins 2010, hvergi. Það er ekki ábyrg fjármálastjórnun að halda því fram að hægt sé að miða við forsendur ársins 2010 og copy/paste-a eða fjölfalda þær áherslur sem að fjárhagsáætlun ársins 2010 gefur til kynna. Það er ekki ábyrg fjármálastjórnun að gera ekki ráð fyrir því að samfélagið breytist miðað við þær forsendur sem þar eru gefnar. Það er bara ekkert ábyrgt við það.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að gera athugasemd. Þá hefur hæstvirtur borgarstjóri óskað eftir að taka til máls.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Aftur hlýt ég að vísa í ræðuna sem að borgarfulltrúinn flutt hér við fyrri umræðu, þar sem að borgarfulltrúinn sagði – ég man ekki hvernig hún orðaði það nákvæmlega; að þessi þriggja ára áætlun væri nú varla pappírsins virði, hún væri unnin með einhverjum þeim hætti að það væri ekkert raunverulegt í henni. Og þar fór borgarfulltrúinn eðlilega yfir það að þriggja ára áætlun núna er borin fram með allt öðrum hætti heldur en vanalega. Hún er borin fram borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir með allt öðrum hætti heldur en vanalega, eins og var gert á síðasta ári og eins og öll sveitarfélögin hafa verið að gera. Og ég er búin að fara yfir það aftur og aftur og aftur í öllum mínum ræðum hér, að þess vegna er allt öðru vísi umræða um þessa þriggja ára áætlun heldur en vanalega hefur verið.

Hér eru oddvitar sem tala og fara yfir málin. Þriggja ár áætlun getur ekki við þær aðstæður sem við nú höfum verið að setja fram, alveg eins og ég sagði hér í ræðu minni áðan, það liggur ekki einu sinni fyrir þjóðhagssþá, það liggur ekki fyrir áætlun ríkisvaldsins um eitt eða neitt. En við þær aðstæður er ekkert sveitarfélag sem treystir sér til þess að vinna þriggja ára áætlun með sama hætti og þær vanalega eru unnar. Þannig að það þýðir ekkert borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir að segja eins og sagt var við Óskar Bergsson hér áðan; farðu bara inn á vefinn og skoðaðu þriggja ára áætlanir fyrir árið 2008. Við erum mörgum sinnum búin að útskýra það að þetta er ekki sams konar áætlun.

Og það er hárrétt hjá borgarfulltrúa Sóley Tómasdóttir – hún er sannarlega ekki eins áreiðanleg. Þess vegna er hún lögð fram með allt öðru vísi hætti og þess vegna eru öll sveitarfélögin á ákveðinni undanþágu frá ráðuneytinu til þess að vinna þetta með þessum hætti. Þannig að borgarfulltrúinn getur ekki um leið sagt, það er ekkert að marka plaggið og kvarta síðan yfir því að það sé ekki jafnmikið í því og vanalega. Það liggur fyrir að það er ekki jafnmiklar eða traustar áætlanir í því eins og vanalega.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Forseti heimilar borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur að gera athugasemd öðru sinni.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er einmitt vegna þess að það er ekkert í þessari áætlun sem að ég talaði um að hún sé ekki þess virði að fjalla um. Vegna þess að þarna er ekki tekið á því hvernig eigi að bregðast við. Þó svo að það liggi ekki fyrir allar þær spár sem að æskilegast væri að lægju fyrri, að þá vitum við samt heilmargt. Við vitum að langtíma atvinnuleysi hefur öðruvísi áhrif á borgina heldur en skammtíma atvinnuleysi. Það er hvergi orðað í þessari þriggja ára áætlun. Við vitum að álag á barnavernd hefur verið að aukast og mun halda áfram að aukast, það er hvergi orðað. Við getum haldið áfram svona mjög lengi. Það sem að við getum brugðist við og það sem að við getum komið í veg fyrir er hvergi orðað. Það er hvergi tekið á brýnum viðfangsefnum Borgarstjórnar Reykjavíkur í þessu plaggi heldur einmitt notað það, að af því að hin sveitarfélögin treysta sér ekki til að gera þetta, þá ætlum við ekki að gera það heldur.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að gera athugasemd. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Ólafur F. Magnússon: Já, forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem er að mörgu leyti svona snarpari og skýrari heldur en hún er oft hérna í borgarstjórn, það er meira þó verið að takast um aðalatriði – ekki bara smáa leturs textann. Þannig að ég held jafnvel á köflum sé umræðan hér fyrir þá sem hlusta á hana í beinni útsendingu skiljanleg og það er nýbreytni. Mér finnst gaman að því þegar að ég hlusta á deilur borgarstjóra og að mati Óskars Bergssonar tilvonandi borgarstjóra og Sóleyjar Tómasdóttur.

Mér finnst gaman að hlusta á þeirra umræður um copy/paste. Af því sú stefna þess meirihluta sem ég leiddi hér í borginni frá ársbyrjun fram í ágústmánuð 2008 hún var í 17 liðum og flestir liðirnir voru copy/paste af stefnuskrá sem ég af miklum vanefnum gaf út árið 1994 þegar að ég fór í fyrsta skipti fram í prófkjöri þá fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Og þar voru öll þessi mál, velferðar- og öryggismálin og forgangsröðun í umhverfismál algjörlega kýrskýr og ég kom megninu af þessum málum ásamt ákvæðinu um verndun Laugavegar og að forðast skoska flugvallaruglið, sem allir í borgarstjórn aðhyllast nema sá sem hér talar, kom þeim öllum inn í stefnuskrá þáverandi meirihluta og náttúrulega hefndist að sumu leyti fyrir það, af því að sjálfstæðismönnum brá þegar að þeir komust að því að ég meinti það sem ég sagði í málefnskránni.

Það var náttúrulega ekki nógu gott að mér væri full alvara með því að hætta ruglinu um Reykjavíkflugvöll, skoska Vatnsmýrarruglið og snúa við þróuninni sem ég kalla í tíð R-listans Framsóknarverktakabílastæðahúsameningu. Þar sem átti að rústa nánast allri 19. aldar og byrjun 20. aldarmeningu Laugavegarins á altari einhverrar verktakahyggju og einhverrar fermetrahyggju, sem hefði til lengri tíma litið rústað þessari götu sem helstu ferðaiðnaðargötu landsins um langa framtíð. Ef við berum gæfu til þess að standa vörð um menningararfinn og gömlu götumyndina, sem við eigum svo lítið af í þessu landi. En við erum þó að reyna að snúa þróuninni við, bæði á Laugaveginum, í Lækjargötunni, Austurstræti a.m.k. á horninu við Lækjargötu og nú síðast í Aðalstræti – elstu götu borgarinnar, sem menn eru svona að vakna til vitundar um það að það þýðir ekkert að þrengja að gömlum götum með nýjum hótélbyggingum með einhverju vertakadekri.

En aftur að þessari umræðu hér. Ég vil mótmæla því sem að sagt er hér æ ofaní æ a.m.k. af sumum talsmönnum meirihlutans að það sé stefna núverandi meirihluta að standa velferð um grunnþjónustu og hérna jafnvel á köflum öryggismál borgarbúa. Forgangsröðunin hefur alltaf verið skýr hjá mínum gamla flokki, Sjálfstæðisflokknum. Forgangsröðunin er náttúrulega þeir sem sterkast standa og þeir sem hafa fjármagnið þeir hafa algjöran forgang í störfum flokksins. Það er ein ástæðan fyrir því að ég sagði mig úr flokknum árið 2001 ásamt hugmyndum flokksins um efnahagslegt stórslys og umhverfisstórslyss við Kárahnjúka, sem vægast sagt átti öflugan stuðning í Sjálfstæðisflokknum og á enn, þó að það blasi við hverjum manni að þar var hreint rugl á ferðinni og bara slys sem ekki mun gleymast um aldir hjá komandi kynslóðum.

En af því ég er að rifja þetta upp og koma að þessum velferðarmálum og meintum áhyggjum meirihlutans af grunnþjónustu borgarinnar og svona almennum hagsmunum heldur en þjónkun við fjármagnseigendur og verktaka, þá vil ég líka minna á það að ég hef barist fyrir því hér í Borgarstjórn Reykjavíkur að auðmenn væru látnir skila aftur eignum sem þeir hafa að nafninu til keypt, þeir hafa greitt fyrir það en með stolnu fé frá okkur borgarbúum og landsmönnum öllum, þá á ég við Fríkirkjuveg 11. Mér er ekki leyft að flytja tillögu aftur um að krefjast þess að eigendur Fríkirkjuvegar 11 skili þessari eign aftur til almennings án endurgjalds og ég er ekkert viss um að borgarbúar viti það að ég hafi verið að berjast fyrir þessu eða viti sögu þessa máls, af því að það var reynt að kenna mér um að það að þetta var selt á sínum tíma, þó að það viti það allir sem kynna sér fundargerðir borgarstjórnar að það var Margrét Sverrisdóttir sem studdi þessa sölu, en ekki ég, þegar að hún var frágengin hér í borgarstjórn í febrúar 2007 með 13 atkvæðum gegn 2 atkvæðum – 13:2. Það voru bara Vinstri grænir sem héldu haus í þeirri atkvæðagreiðslu. Svo var það mitt verk að verka upp flórin eftir hina, alla nema Vinstri græna í Fríkirkjuvegsmálinu og taka á mig flestar árásirnar fyrir að þessi almanna eign skyldi seld til einkaaðila.

Og ég hef varað við afleiðingum slíkra gjörða, hvort sem að við erum að gefa náttúruverðmæti og jafnvel að borga með því að eyðaleggja þau til að þjóna undir erlenda málbræðslujöfra, bara til þess að vissir milliliðir og stjórnámálamenn hagnist á öllu saman. Eða þegar við erum að selja almanna eigur, ég mundi „selja“

– afhenda aftur auðmönnum þessa lands sem í raun og veru hafa stolið eignum frá þjóðinni með öllu sjónarspilinu sem hrundi árið 2008. Þegar þeir í raun og veru eru að stela eignum frá hinum og yfirfæra þær yfir á sjálfan sig með einhverjum hókus þókus og pappírsaðgerðum.

Og ég minni á það að ég barðist um langt árabil hér í Borgarstjórn Reykjavíkur fyrir því að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur væri ekki seld í þessum svonefnda prófkjörsbæklingi mínum frá 1994 stóð orðrétt: „Heilsuverndarstöð Reykjavíkur verður áfram í þjónustu Reykvíkinga, með þá einstaklega verðmætu og þýðingarmiklu heilbrigðisþjónustu sem þar var rekin og þar sem hugmyndir Vilmundar Jónssonar heitins fyrrverandi landlæknis voru gerðar að veruleika.“ Einstaka ríkulega framtíðarsýn fyrir hönd landsmanna, göfuga og langt á undan sinni samtíð, þegar Vilmundur setti fram hugmyndirnar um Heilsuverndarstöð Reykjavíkur árið 1934. Ég held að menn sumir hafi verið komnir lengra í velferðar- og heilbrigðismálum þá að mörgu leyti heldur en stjórnendur þessa lands í dag og vissulega erum við enn þá áratugum á eftir systkinum okkar og frændum á hinum Norðurlöndunum í velferðar-, öryggis- og umhverfismálum, þegar litið er á málin í heild.

Ég hef líka barist gegn stórframkvæmdum og þeirri forgangsröðun sem er svo rík hjá þessum meirihluta. Og einn á móti öllum gegn þeirri forgangsröðun að það er aðalframkvæmdin sem virðist eiga hug og hjarta borgarfulltrúa í Reykjavík það er Tónlistarhúsið Harpa og hugsanlegur hótélrekstur og mikil glerhallarsýning í kringum það allt saman verða að veruleika. 24 milljarða kostar þetta. Og ég spyr enn og aftur að ef við forgangsröðum þessum 24 milljörðum í eitthvað annað, hvað þyrftum við að segja mörgum konum í umönnunar og skólastörfum upp, eins og verið er að gera þrátt fyrir allt fagurgalið hér í borgarstjórn.

Hvað mundum við þurfa að skera niður þjónustu við börn og unglinga í skólum borgarinnar og stofnunum borgarinnar og gamalmennin og í heilbrigðisþjónustunni og lokun sjúkradeilda, þó að það sé ekki á vettvangi borgarinnar þá er það náttúrulega málefni alls samfélagsins og minnugur þess að Reykvíkingar eru hátt hlutfall af öllum landsmönnum, að þá auðvitað verðum við

að horfa á hagsmuni samfélagsins á sem flestum sviðum þegar að við erum að fjalla um fjárhagsáætlun fyrir þessa borg.

Þannig að ég kem fyrst og fremst hér upp til að mótmæla þeim málflutningi hér í borgarstjórn að það sé verið að forgangsraða í velferðarmálum eða grunnþjónustu. Þetta er bara kjaftæði. Þetta er ekki boðlegur málflutningur. Horfið bara á tónlistar- og ráðstefnuhúsið, það er sú framkvæmd sem hefur algjöran forgang og blómstrar umfram mannlífið í borginni. Og ég endurtek með stuðningi allra borgarfulltrúa fjórflokksins og ég skil ekki af hverju ágætir félagar mínir í Vinstri grænum, eins og Þorleifur Gunnlaugsson sem er nú einn sá borgarfulltrúi sem ég met mest hér inni hafi ekki bara staðið þétt við hliðina á mér í að mótmæla þessari forgangsröðun. Þorleifur ég er ekki að segja þetta til að gagnrýna þig, þú er einn okkar mætustu manna. En er kominn tími á mig forseti, hvað er ég búinn að tala lengi. 10 mínútur og finnst þér það langur tími.

Forseti, ég ætla að ljúka máli mínu að þinni kröfu, en bara minni enn og aftur á, að ég mun ekki greiða atkvæði með útgjaldaaukatillögu Samfylkingarinnar hér á eftir.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil eins og áðan þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og kannski ýmislegt sem enn þá liggur ósvarað í umræðunni og ég fór yfir það hér í minni fyrri ræðu og benti Samfylkingunni á það að mér þykir ákveðin mótsögn í málflutningi þeirra þegar að þau í umræðu um fjármál Reykjavíkurborgar hvetja til aukinnar lántöku hjá Reykjavíkurborg til þess að halda úti framkvæmdastigi, á meðan þau taka umræðuna um Orkuveituna þannig, að þar hafi verið alltof langt gengið í framkvæmdum og ábyrgð meirihlutans mikil í því. Þannig að mér finnst í raun og veru mótsagnir í málflutningi Samfylkingarinnar hvað þetta varðar og ég benti á í minni fyrri ræðu, en oddviti þeirra sá ekki ástæðu til að svara. Þannig að það liggur í raun og veru í loftinu ósvarað og Samfylkingin verður bara að meta þá hvort að hún ætlar að hafa það þannig eða færa einhver rök fyrir þessum mótsögnum í sínum málflutningi.

Oddviti Samfylkingarinnar óskaði eftir svona og taldi og lét eins og það kæmi sér á óvart og að einhverju leyti vonbrigði að fulltrúi Framsóknarflokksins var ekki meira með Samfylkingunni í þeim framkvæmdaáherslum sem Samfylkingin hefði lengi talað fyrir hér í sölum borgarstjórnar. Maður veit nú ekki hvort maður á að hlæja eða gráta yfir slíkum ræðum, en það hefur ekki verið svo að Samfylkingin hafi verið helsti talsmaður eða boðberi verklegra framkvæmda hér í sölum borgarstjórnar, svo ekki sé meira sagt. En vissulega er full ástæða til þess að tala saman um verkefni sem menn telja sig geta náð saman um og mér fannst í raun og veru allt sem kom fram í ræðu borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar um að skoða með opnum huga ýmsa hluti sem tengjast verklegum framkvæmdum og eins og hann vildi að mér fannst gera að tillögum Samfylkingarinnar, að því er berst svarað með því að allt þetta hefur verið gert og er verið að gera og með margvíslegum hætti.

Til dæmis bara sú ákvörðun um það að byggja upp skóla og leikskóla í nýjum hverfum borgarinnar, það er stefnubreyting í Borgarstjórn Reykjavíkur, það er stefnubreyting að klára í raun og veru alla þjónustu í hverfum. Við erum búin að vera meira og minna allt þetta kjörtímabil að byggja upp þjónustu í þegar

byggðum hverfum og sér svona ekki á öllum sviðum fyrir endann á því, en það er unnið að því. Við erum að byggja skóla í Grafarholti, hverfi sem var sett af stað í kringum árið 2000. Tíu árum síðar erum við að byggja skóla. Þannig að það er klár stefnubreyting hjá núverandi meirihluta að byggja upp skóla og þjónustu í hverfum á sama tíma og jafnvel áður en íbúarnir flytja í þau. Samrekinn leik- og grunnskóli í Úlfarsárdal er gott dæmi um það. Þar er í raun og veru brugðist við breytingum, mun færri fólk í hverfinu heldur en áætlanir gerðu ráð fyrir og viðbrögð borgaryfirvalda við því er að reka saman leik- og grunnskóla í hverfinu til þess að bjóða fram þá þjónustu.

Miðborgarverkefni til dæmis sem Reykjavíkurborg er með núna stór, eins og til dæmis hornið á Lækjargötu og Austurstræti, það er að mörgu leyti frábrugðið mörgum hefðbundnum framkvæmdaverkefnum á vegum Reykjavíkurborgar, vegna þess að það er ekki skóli eða leikskóli eða þjónustumiðstöð eða annað slíkt sem kallar á aukinn rekstur borgarinnar. Heldur er það gríðarlega mikilvægur reitur, hornið á einum mikilvægasta stað í miðborg Reykjavíkur sem að Reykjavíkurborg vill hafa allt um að segja hvernig er byggt upp.

Við keyptum upp eignirnar á reitnum, rústirnar, deiliskipulögðum reitinn og byggjum hann upp þannig eins og við viljum sjá hann og ætlum síðan að selja eignirnar til einkaaðila sem geta verið þar inni með sína atvinnustarfsemi. Vonandi gengur það eftir og tekjur koma inn á móti, en það er nýmæli og það hefði ég haldið að Samfylkingin ætti frekar bara að styðja og standa við bakið á heldur en að tala einhvern veginn með þeim hætti, eins og það séu þeirra hugmyndir, því að því fer víðs fjærri.

Nú, „Völundarverkið“ er líka gott dæmi um atvinnutengt verkefni þar sem menn eru að brjóta blað og leggja nýjar áherslur og þar erum við í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun um það að fá til okkar atvinnulausa iðnaðarmenn til þess að vinna við endurgerð gamalla húsa, tengjum sem sagt atvinnuátaksverkefnið við endurbyggingu gamalla húsa og varðveislu menningararfs, þannig að það er heldur betur nýjung á ferðinni þar. Og svo erum við líka með inni í fjárhagsáætlun fyrir 2010 meiriháttar endurbætur og viðhald, sem eru stór viðhaldsverkefni í gömlum húsum, sem hafa í raun og veru verið full afskrifuð. Og við getum í raun

og veru fjármagnað þessar viðhaldsframkvæmdir með lántöku. Þannig að það má segja að það sé búið að fara hringinn í kringum borðið að leita að nýjum leiðum til þess að fara af stað með framkvæmdir við þessar sérstöku aðstæður sem Íslendingar og Reykvíkingar búa við. Þannig að ég vil nú bara staldra við þegar að mér finnst málflutningur Samfylkingarinnar vera á þeim nótum að þetta sé nú meira og minna allt þeirra hugmyndir. Það sé nú ekki gott þegar að fulltrúi Framsóknarflokksins er að hverfa frá hugmyndum Samfylkingarinnar í fjölmörgum uppbyggilegum framkvæmdaverkefnum á vegum borgarinnar. Ég vil nú bara segja það eins og er að mér finnst það nokkuð langt gengið í það að eigna sér mál og málaflokka. Mér finnst líka liggja í loftinu ósvarað að oddviti Samfylkingarinnar virðist vera tilbúinn í þessari þriggja ára áætlun til þess að taka lán til framkvæmda eða að ganga á lausafjárstöðu borgarinnar. Til þess að breyta þessari þriggja ára áætlun sem hér liggur fyrir og það eiginlega liggur í loftinu einnig ósvarað og Samfylkingin fer þá með út í samfélagið eftir þennan fund.

Og svo að síðustu þá langar mig líka að koma aðeins inn á málflutning oddvita Vinstri grænna sem mér fannst í raun og veru standa hér í ræðustól borgarstjórnar og skamma borgarstjórnarmeirihlutann í Reykjavík fyrir það að vera ekki að taka nægilega vel á atvinnuleysisstefnu ríkisstjórnar Íslands. Stóð hér uppi og skammaði meirihlutann fyrir það að hér lægi enginn metnaður og atvinnuleysið yrði óbreytt næstu fjögur árin, þar liggur metnaður ríkisstjórnarinnar. Það á sem sagt að gera út á ástandið allt í nafni hrunsins út næsta kjörtímabil. Það fannst mér vera skilaboð oddvita Vinstri grænna hér í Borgarstjórn Reykjavíkur.

En ágætu borgarfulltrúar. Ég vil að lokum þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur verið og lít með nokkru stolti á þá þriggja ára áætlun sem hér er lögð fram, þó hún sé lögð fram með þeim hætti sem borgarstjóri gerði hér grein fyrir áðan – við mjög sérstakar aðstæður, við aðstæður þar sem þjóðhagsspá liggur ekki fyrir, en samt sem áður með alveg skýrri sýn um það hvernig meirihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur ætlar að sigla áfram í gegnum þær efnahagsþrengingar sem við búum við. Við höfum sýnt það á síðastliðnum tveimur árum hvernig við höfum brugðist við. Það hafa reynst rétt viðbrögð og með sama hætti ætlum við að takast á við framtíðina með sömu áherslum.

Bstj. 16. mars 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vil að gefnu tilefni taka það fram að ég komst ekki á síðasta borgarstjórnarfund vegna þess að ég var veikur, en ég hlustaði á umræðuna og ég vil taka það líka mjög skýrt fram að mér líkaði málflutningur borgarfulltrúar Sóleyjar Tómasdóttur mjög vel. Hún heldur skelegg á málum og var eðlilegt að hún kláraði þá þessa umræðu og ég vil líka taka það fram að gefnu tilefni, vegna ummæla borgarstjóra, að á okkar málflutningi er enginn – ekki einu sinni blæbrigðamunur, vitnaði í mig með það að ég telji að borgarfulltrúar allir hafi sýnt það að þeir vilji forgangsraða í þágu velferðarmála, þá er það alveg rétt vegna þess að ég met það svo að niðurskurðurinn, og það er bara þannig, að niðurskurðurinn í velferðarmálum er minni en niðurskurðurinn í öðrum málaflokkum. En hins vegar er það kolrangt, eins og hér hefur komið fram, að það hafi ekki verið skorið niður í velferðarmálum. Það er bara kolrangt.

Og ég hef ítrekað sagt það og rökstutt það að það er búið að vera að skera niður í velferðarmálum á þessu ári og því síðasta. [Frammícall: hvers vegna?] Borgarstjóri mælti nú fyrir því í fjárhagsáætlun núna síðast að fjárhagsaðstoð yrði hækkuð um 8,63% að mig minnir og þá er það samkvæmt leiðbeiningum frá ráðuneytinu, vegna þess að ráðuneytið metur þessa prósentu vera þær verðhækkningar sem hafa orðið á árinu. Þetta eru verðbætur 8,63%. Þar með er verið að segja okkur það að í það minnsta er verið að skera, vegna þess að fjárhagsáætlun velferðarsviðs var nokkurn vegin á pari í upphæð og þar með er verið að segja það og viðurkenna það, að það hafi verið skorið niður á velferðarmálum um allavega 8,63%.

Ég hef látið hafa það eftir mér í fjölmiðlum að það sé alveg ömurlegt að meirihlutinn í borgarráði sé annað árið í röð að komast upp með að ljúga því að það sé ekki verið að skera niður í velferðarmálum og ég stend við þau orð mín. Ég er alveg sannfærður um það að það er búið að skera í það minnsta niður um 20%, í það minnsta um 20% niður í velferðarmálum á síðustu tveimur árum.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla nú kannski að fá að byrja á því að svara hérna borgarfulltrúa Óskari Bergssyni, sem fór hér mikinn og talaði um mótsagnir í málflutningi Samfylkingarinnar, þegar kemur að framkvæmdum. En ég held að sá málflutningur sé nú frekar einkennilegur vegna þess að þessu tvennu er nú alls ekki saman að jafna, annars vegar framkvæmdum Orkuveitunnar sem að hafa á kjörtímabilinu verið keyrðar áfram á gengdarlausum hraða og við vöruðum strax við um mitt ár 2006 í byrjun kjörtímabilsins að þar væri of geyst farið og nú stöndum við frammi fyrir afleiðingunum af því.

Og ég held að þessi spurning sem hér var varpað fram, hér fyrir á fundinum, um hver staðan væri hjá Orkuveitunni ef að hrunið hefði komið ári seinna eða tveimur árum seinna sé spurning sem sé mjög mikilvægt að borgarfulltrúar spyrji sig og reyni aðeins að átta sig á, þó að það sé bara fyrir sjálfan sig til að læra eitthvað af þessum ósköpum. Vegna þess að ef að menn hefðu keyrt hér áfram á þeim hraða sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn vildu og boðuðu í upphafi kjörtímabilsins og raunar líka þegar að þessi meirihluti sem að nú situr var myndaður má segja að meirihlutinn, og það er ekkert rangt að segja það, að hann hafi verið myndaður að stóru leyti um Bitruvirkjun til þess að halda þeim framkvæmdum áfram.

En ef að menn hefðu haft þarna eitt ár í viðbót til þess að skuldsetja sig, halda áfram með Hverahlíðarvirkjun, eins og menn náttúrulega ætluðu og líka Bitruvirkjun, eins og þessi meirihluti boðaði fyrir bara einu og hálfu ári síðan og ná þannig að skuldsetja sig hugsanlega á annað hundrað milljónir til viðbótar við fyrri skuldir. Ef menn hefðu klárað Hellsheiði, Hverahlíð og komist vel á veg með Bitru, hvar værum við þá. Hvar væri Orkuveitan okkar í dag þá? Hver væri staða hennar þá? Og þá held ég að við verðum að spyrja okkur að því – borgarfulltrúar og borgarbúar í þessari borg á hvaða tungumáli við mundum fá rafmagnsreikningana okkar. Ég held að staðan væri bara svo alvarleg. Það að vara

við þessu, vara við þessum framkvæmdahraða og þessari keyrslu í þenslu, vegna þess að þetta var á þenslutímum og þetta er náttúrulega allt annað, ég bið borgarfulltrúa Óskar Bergsson um að hlusta aðeins á það sem ég er að segja, vegna þess að það er tvennt ólíkt að keyra áfram sem opinber aðili á þenslu tímum með þessum hætti, eins og Orkuveitan boðaði í upphafi kjörtímabilsins og hefur fylgt, og núna í kreppu að halda uppi einhvers lags atvinnustigi af hálfu borgarinnar. Þetta eru ekki sambærilegir hlutir og í þessu eru engar mótsagnir, alls engar mótsagnir.

Ég ætla líka og það var kannski ástæðan fyrir því að ég bað um orðið hérna. Ég ætla að víkja aðeins að orðaskiptum sem hér áttu sér stað milli borgarfulltrúa Sóleyjar Tómasdóttur og borgarstjóra, þar sem að Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi var að inna borgarstjóra eftir forsendum þessarar þriggja ára áætlunar og hvernig það væri, og ég gat ekki betur heyrt á borgarstjóra en að hún segði hér úr ræðustól að þetta væru bara sömu forsendur, þetta byggði á sömu forsendum og fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 þessi þriggja ára áætlun. Og þess vegna vil ég bara spyrja borgarstjóra að því hvort að hún treysti sér til þess að lýsa því yfir hér að hún sjái ekki fram á neinar gjaldskrárhækkningar á þessum þremur árum, treystir borgarstjóri sér til þess að lýsa því yfir, vegna þess að það er ein af forsendum áætlunar 2010.

Hér er verið að spyrja um forsendur fyrir þriggja ára áætlun og þá er kannski rétt að það komi fram hverjar væntingar borgarstjóra eru til þess. Hvort að hún sjái fyrir sér að hægt sé að halda hér úti sömu þjónustu án þess að hækka hér skatta og án þess að hækka hér gjaldskrár á þessum þremur árum sem er nálega út allt næsta kjörtímabil. Treystir hún sér til þess að lýsa því yfir að verði hún áfram borgarstjóri hér eftir kosningar sem að hérna, ja hérna [frammícall], sem að ég vona nú að verði ekki, getur hún þá lýst því yfir að hún muni ekki hækka hér gjaldskrár á næsta kjörtímabili. Vegna þess að ef hún segir það að forsendurnar séu þær sömu í þessari þriggja ára áætlun sem hér liggur fyrir og í fjárhagsáætlun 2010, þá er það ein af megin forsendunum.

Bstj. 16. mars 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon. Borgarstjóri hæstvirtur hefur óskað eftir að gera stutta athugasemd og svara borgarfulltrúa Sigrúnu Elsu Smáradóttur.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég held að það sé alveg ljóst miðað við þær forsendur sem þarna eru og miðað við okkar útreikninga. Já, það er algjörlega hægt að halda því markmiði út næsta kjörtímabil að hækka ekki skatta, það er algjörlega raunhæft að áætla það. [Frammícall] Já, ég er að koma að því. Ég held hins vegar, eins og við höfum oft rætt um í aðgerðahópnum, nú hafa gjaldskrár hjá Reykjavíkurborg að stórum hluta fyrir grunnþjónustu að undirlagi allra borgarstjórnar, við höfum verið sammála um það, verið frýstar í tvö ár. Ég held að reyna að halda því fram að það sé hægt að gera það í sex ár sé óraunhæft. Ég held að það að segja; í fjögur ár verða engar gjaldskrár hækkaðar. Við sögðum á sínum tíma: „Við ætlum ekki að hækka gjaldskrá fyrir grunnþjónustu á meðan að ástandið er svona.“ Það var loforðið sem við gáfum, já út kjörtímabilið sem er að ljúka eftir nokkrar vikur.

Ég held að á næstu fjórum árum verði erfitt fyrir Reykjavíkurborg að ætla sér að halda því markmiði alla leið. En ég held að það sé alveg augljóst að okkar útreikningar sýna að með skattana, já, við getum lofað Reykvíkumum því að skattar muni ekki hækka. En að ætla að segja að leikskólagjöld sem nú eru til dæmis orðin þau lægstu á sveitarfélögunum hér í kring og mörg þjónusta sem er hjá Reykjavíkurborg er á mjög lágu verði. Við höldum því auðvitað áfram svo lengi sem að við erum með þetta loforð um að gera það. En ég held að ekkert okkar geti sagt að á næstu fjórum árum muni engar gjaldskrár hjá Reykjavíkurborg hækka. Ég held að það væri nokkuð svona óraunhæft að setja fram slík loforð og ég held að við getum öll verið sammála um það. Allavega verður það ekki gert í næstu fjögur árin án þess að breyta þjónustunni.

Forseti: Borgarstjóri hæstvirtur hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

1. mál **Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða**

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla aðeins að leggja hér orð í belg út af þessari þriggja ára áætlun og skuldsetningu Orkuveitunnar. Það er alveg rétt sem Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi sagði hér áðan að það væri hollt fyrir okkur að líta til baka og velta því fyrir okkur hvort að við hefðum getað staðið betur að málum. Hvað hefði getað gerst og svo framvegis. Og það er alveg rétt hjá henni að ég held að flestir líti á að það hafi verið heillaspor á sínum tíma að fresta framkvæmdum við Bitruvirkjun. Það er alveg rétt að það voru hér miklar hugmyndir uppi í virkjanamálum sem margar náðu fram að ganga, en þó ekki allar. En þessar hugmyndir þær urðu ekki til í byrjun kjörtímabilsins.

Þessar hugmyndir urðu hér til á kjörtímabili síðasta og ef ekki kjörtímabilinu þar áður líka, að það var unnið að þessum málum í myndi ég segja að mörgu leyti góðri samvinnu innan stjórnar Orkuveitunnar og svona á meðal flestra flokka. Það verður þó að segjast hér að maður heyrði af því öðru hvoru að það komu fram efasemdir og þá auðvitað ekki síst frá fulltrúum Frjálslynda flokksins þá hér í borgarstjórn og síðan frá fulltrúum Vinstri grænna. En það breytir ekki því að á síðasta kjörbili þá var unnið að margvíslegum áætlunum í virkjanamálum og ýmsar samþykktir gerðar ekki síst undir lok síðast kjörtímabils og það var auðvitað unnið á ábyrgð þess meirihluta sem þá var hér starfandi sem samanstóð af fulltrúum Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknarflokksins.

Og mér finnst það einhvern veginn ekki góður bragur á því að þeir flokkar sem stóðu að þeim meirihluta, stóðu nú saman lengst af af þeim meirihluta, að þeir skuli síðan núna seinna ekki vilja kannast við það að hafa tekið ákvarðanir í þeim meirihluta sem leiddu til þessarar uppbyggingar, sem nú eru að sjá dagsins ljós. Auðvitað var undantekning á þeirri samstöðu sem varðar þessar virkjanaframkvæmdir. Ég hef nú ekki þessar fundargerðir hjá mér en ég man eftir varnaðarorðum, bæði frá fulltrúum Vinstri grænna og Samfylkingar, þ.e.a.s. frá Sigrúnu Elsu Smáradóttur. Hún kom undir lok kjörtímabilsins eða hvort að það var á nýju kjörtímabili, þá lagði hún fram bókun í stjórn Orkuveitunnar þar sem að ýmsir góðir punktar komu fram og þessum borgarfulltrúa á margan hátt til sóma. Það breytir hins vegar ekki því að minnsta kosti fram að þeim tíma á síðasta

kjörtímabili voru teknar ýmsar ákvarðanir sem þessar virkjanaframkvæmdir, sem hefur verið ráðist í síðan hvíla á.

Og af því að það var talað um Bitruvirkjun sérstaklega þá er það alveg rétt að Bitruvirkjun er þá hluti af þessum miklu hugmyndum sem voru í gangi og það er nú ennþá hugmynd. En það voru allir flokkar í stjórn Orkuveitunnar sem stóðu að því í maí 2008 að fresta Bitruvirkjun, það voru allir flokkar sem stóðu að því. Og ég fullyrði það vegna þess að ég var stjórnarformaður þess fyrirtækis á þeim tíma, að það voru töluverðar umræður sem voru um það mál í stjórn Orkuveitunnar og eins og menn vita sem þar störfuðu, þá var það ein af forsendum þeirrar ákvörðunar sem þá var tekin að slá henni á frest. Það var auðvitað fjárhagsstaðan.

Það var auðvitað það að borgarfulltrúarnir vita væntanlega hvernig virkjanir eru fjármagnaðar. Þetta er auðvitað stórmál hvernig virkjanir eru fjármagnaðar. Það fellur til allur kostnaður þegar að virkjanir eru byggðar upp, en svo ná menn kostnaðinum til baka á löngum tíma, ekki ósvipað hótélrekstri. Þess vegna er vandasamt og verður alltaf vandasamt að fjármagna virkjanir og um þetta var stjórn Orkuveitunnar á þeim tíma fullkomlega kunnugt að þetta gæti orðið snúið. Þannig að það voru ýmis atriði sem réðu þeirri ákvörðun að fresta Bitruvirkjun og ég segi; ekki síst fjárhagslega, ekki síst fjárhagslega. Vegna þess að það var auðvitað rætt hérna meðal borgarfulltrúa, það var rætt við fjármáladeild borgarinnar og fleiri, sem hafa auðvitað alltaf fylgst vel með Orkuveitunni að menn sáu ákveðin teikn á lofti.

Og það má vel halda því fram að fjármálakreppan að hún hafi verið byrjuð – hún hafi verið byrjuð vorið 2008, þrátt fyrir að kannski afleiðingar hennar kæmu ekki í ljós með drastískum hætti fyrr en þarna um haustið. En eins og menn muna þegar að þessi ákvörðun var tekin um frestun Bitru, það var ekki alls staðar sem þessi ákvörðun vakti ánægju. Ég man eftir því að stjórnin á þeim tíma og ég sem stjórnarformaður, það kom fram gagnrýni víða að meðal annars úr Sjálfstæðisflokki, mínum eigin flokki, fyrir þessa ákvörðun, að menn töldu ekki rétt við þessar aðstæður vorið 2008 að fresta virkjanaframkvæmdum - menn vildu sumir keyra þær áfram og það var töluvert gagnrýnt á þessum tíma. En svona eftir á að hyggja þá held ég að flestir líti nú á það sem svo, að þessi ákvörðun um

frestun Bitruvirkjunar þetta var einhver besta ákvörðun ársins 2008 hjá Orkuveitunni.

Og síðan er það annað mál að það var svolítið tekist á um það hérna í borgarstjórn hvað ákvörðunin í raun og veru fæli í sér. Sumir flokkar þeir túlkuðu þessa ákvörðun þannig – sem að Birtuvirkjun væri slegin af, eins og það var kallað. Sumir flokkar litu svo á að það væri búið að slá þessa virkjun af til framtíðar, kusu að skilja þessa ákvörðun svo. En sá sem hér stendur skildi það ekki þannig. Ég skildi það þannig að það væri ekki búið að slá hugmyndina af, enda hefði þá tillaga stjórnarinnar eða samþykkt stjórnarinnar á sínum tíma verið allt öðruvísi orðuð. Þarna var um frestun að ræða svo yrði þetta mál bara skoðað síðar.

Og síðan í ágúst þetta sama ár þá gerðist það að það var nýr meirihluti myndaður í Borgarstjórn Reykjavíkur og ég held að það hafi komið nokkuð skýrt fram fljótlega eftir að sá meirihluti var myndaður, að sá meirihluti tók af öll tvímæli um það að þarna væri um frestun að ræða, en að sjálfsögðu þarna í ágúst þarna voru miklar blikur á lofti eins og menn muna. Þannig að það var að sjálfsögðu aldrei ætlun þess meirihluta að fara út í einhverjar virkjanaframkvæmdir þótt metnaðarfullar væru sem gætu stefnt Orkuveitunni í einhverja hættu. Og hafi einhver verið í vafa um þessa afstöðu í ágúst eða september 2008, þá held ég að það mál hafi verið fljótlega afgreitt í byrjun október að menn sjá að það er bara ákveðin valdabaráttá í gangi hjá borginni í Orkuveitunni við að verja þær framkvæmdir sem nú þegar eru í gangi, mjög miklar framkvæmdir. Þannig að ég held að engum detti alvarlega í hug að það sé verið að fara út í eitthvað meira.

En hins vegar get ég nefnt það hér, af því Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hann hefur talað um það hér í borgarstjórn og talað nokkuð fjálglega um það – talað um þann meirihluta sem nú situr að hafi gert mikið í því að skuldsetja Orkuveitu Reykjavíkur á kjörtímabilinu og vill ekki kannast við ábyrgð Samfylkingarinnar í þeim efnum, sem mér finnst nú undarlegt. Að þá get ég nefnt það hér að mér sýndist það vera þannig þegar að þessi borgarfulltrúi var sjálfur borgarstjóri, að þá fannst mér hans athafnir ekki gefa það til kynna að hann væri eitthvað sérstaklega hræddur við það sjálfur að skuldsetja Orkuveituna, jafnvel fyrir milljarða eða tug milljarða kr. Og ég get nefnt sem dæmi í því sambandi – fyrirætlanir um að taka

þátt í ákveðnu orkuævintýri á Filippseyjum, þar sem vissulega voru og eru margvíslegir möguleikar, en þá voru ákveðnar hugmyndir í gangi, eins og menn muna, um það að Orkuveitan eða fyrirtæki hennar færu sjálf í að fjármagna hlutabréfakaup og einhvers konar framkvæmdir þar eystra.

Og á þeim tíma eftir að miklar umræður höfðu orðið í borgarstjórn um REI-málið svokallaða, og ég hélt að flestir borgarfulltrúar væru sammála um það, að það ætti ekki að hætta miklu áhættufé frá Orkuveitunni a.m.k. ekki fyrir milljarða eða tug milljarða kr. í verkefni úti í heimi, þá reyndist Dagur B. Eggertsson þegar hann var borgarstjóri, borgarfulltrúi núna, þá reyndist hann reiðubúinn til þess að skuldbinda Orkuveituna fyrir milljarða eða tug milljarða kr. þarna úti í heimi, það var ekki mikill ótti við það. Og seinna þegar að leið að lokum þessa 100 daga tímabils þegar að þessi ágæti borgarfulltrúi var borgarstjóri, að þá einnig undir hans stjórn þá var það undirbúið að setja mikla fjármuni inn í REI – Reykjavík Energy Invest – fjármuni til að fyrirtækið gæti skuldbundið sig meira úti í heimi og þær upphæðir – þær voru einnig verulegar og fóru a.m.k. yfir tug milljarða kr.

Þannig að mér finnst dálítið skrítið að menn skuli koma hérna núna og reyna að kenna þessum meirihluta um að vera að skuldsetja Orkuveituna of mikið, þegar að menn sjálfir voru tilbúnir í nánast í hvað sem er í þeim efnum, þegar að þeir réðu sjálfir. Meira að segja þegar að íslensku útrásarfyrirtækin svokölluðu, þegar að þau voru komin í bullandi vörn þarna í byrjun ársins 2008, að þá var Dagur B. Eggertsson sem borgarstjóri og útrásarvíkingur – hann var ennþá í sókn. Hann var ennþá tilbúinn til að taka peninga almennings í stórum stíl og setja þá inn í fyrirtæki eins og REI, sem síðan hefði farið í áhættusöm verkefni úti í heimi.

En sem betur fer eftir þetta að þá held ég að hafi náðst ákveðinn samhljómur um útrásarverkefni Orkuveitunnar og hlutverk hennar úti í heimi. Og eftir að borgarfulltrúar komu meðal annars að nýju inn í stjórn þess fyrirtækis og það hefur náðst ákveðinn samhljómur síðan, og ég hélt að borgarfulltrúar væru orðnir nokkuð sammála um það, að þegar að Orkuveitan er í slíkum verkefnum að þá er það a.m.k. ekki gert með þeim hætti að það verði milljarðar eða tug milljarðar teknir frá Orkuveitu Reykjavíkur og það sett að veði úti í heimi. Þessum atriðum held ég að verði að halda til skila þegar við ræðum um þetta mikilvæga mál, sem

Bstj. 16. mars 2010

eru fjármál Orkuveitunnar og hvort að skuldsetning hennar sé orðin of mikil eða ekki.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur beðið um að bera af sér sakir eða að gera stutta athugasemd. Borgarfulltrúinn er að vísu búinn að tala, hann er líka búinn að nýta rétt sinn til andsvar, en af því tilefni ætlar forseti að veita borgarfulltrúanum leyfi til að gera stutta athugasemd.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Mér finnst með algjörum ólíkindum að borgarfulltrúi Kjartan Magnússon skuli dirfast að koma hér upp og tala um það að sá sem hér stendur sem var borgarstjóri og var settur í þá stöðu ásamt þáverandi stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að reyna að gæta hagsmuna Reykvíkinga og Orkuveitu Reykjavíkur og í þessu tilviki REI eftir að sjálfstæðismenn höfðu umgengist það fyrirtæki og hagsmuni Orkuveitunnar og borgarinnar þannig, að það færist á spjöld sögunnar sem eitthvað agalegasta klúður í sögu borgarstjórnar. Hann kýs að rifja hér upp mál sem tengist Filippseyjum og á rætur í samþykkt stjórnar REI þann 7. ágúst 2007, þar sem rætt var um kaup á 40% hlut PNOC-EDC, en talið var að heildarverð þess hlutar gæti verið um 50 milljarða kr. svo vitnað sé orðrétt í lokaskýrslu REI.

Þessi ákvörðun var aldrei borin undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, eins og kemur fram í lokaskýrslunni um REI. Það átti ekki heldur við um aðrar ákvarðanir stjórnar REI í ágúst – 23. ágúst 2007 í meirihlutatíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks þar sem Sjálfstæðisflokkurinn fór fremstur í flokki í þessu. Það sem stjórn Orkuveitunnar var að gera og ég sem borgarstjóri var að gæta hagsmuna borgarbúa þannig að þetta mundi ekki tapast. Það tókst. Við komumst út úr þessu fyrirtæki klakklaust. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi og Sjálfstæðisflokkurinn hafði skömm af þessu máli og á ekki að vera að reyna að dreifa einhverjum villuljósum um það hér í sölum borgarstjórnar núna í trausti þess að allir séu búnir að gleyma hvernig þessi mál voru tilkomin.

Forseti: Ég ætla að biðja borgarfulltrúa um að virða óskir forseta þegar að forseti í raun og veru gengur lengra heldur en fundarsköp segja nákvæmlega til um. Og ég vil líka biðja borgarfulltrúa um að hafa það í huga að við erum að ræða hér um þriggja ára áætlun borgarinnar, þetta er seinni umræða um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar. Og biðja borgarfulltrúa eins og kostur er að halda sig við það dagskrárefni sem hér er til umfjöllunar. Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hann tekur til máls og gerir stutta athugasemd.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Kjartan Magnússon: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég skal hafa það í huga að við erum að tala um þriggja ára áætlun borgarstjórnar. En við þurfum líka að hafa það í huga að hér hefur í dag verið mikið talað um fjármál Orkuveitunnar og meðal annars Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi og mér finnst sjálfsagt að halda því til haga þegar að rætt er um skuldsetningu hennar hvernig hana raunverulega bar að og hvernig menn voru þrátt fyrir breyttar aðstæður að ýmsu leyti, þrátt fyrir kreppu og þrátt fyrir að menn hefðu gert upp ákveðið mál, þá voru menn tilbúnir til þess að ganga lengra í skuldsetningu. Mér fannst bara sjálfsagt að halda því til haga í þessari umræðu, en kannski er hægt að fara betur út í þessa umræðu við annað tækifæri þar sem ýmsir hefðu gaman af því að taka þátt í þessari umræðu eru kannski búnir að nýta að mestu leyti þann rétt sem þeir hafa til þess að tala á fundinum.

Forseti: Kjartan Magnússon borgarfulltrúi hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég verð nú að taka undir það með borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni að mér finnst með hreinum ólíkindum að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins komi hér upp og tali um skuldsetningu Orkuveitunnar og skuldsetningu REI og reyna að kenna Samfylkingunni eða 100 daga meirihlutanum um þær skuldsetningar. Ég ætla að rifja það upp og svo ætla ég að víkja að 4 ára áætlun kannski með markvissari hætti hér á eftir. En bara út af þessari umræðu og út af því að hér erum við líka að fjalla um skuldastöðu Orkuveitu Reykjavíkur, eins og borgarfulltrúi Kjartan Magnússon benti hér á. Að þá voru skuldir Orkuveitu Reykjavíkur í upphafi þessa kjörtímabils 40 milljarðar.

Það voru 40 milljarðar og ef það er uppreiknað til núvirðis að þá samsvarar það 55 milljörðum í dag og hverjar eru skuldir Orkuveitunnar í dag. Skuldir Orkuveitunnar í dag eru 220 milljarðar. Þetta gerðist ekki á þeim 100 dögum sem 100 daga meirihlutinn ríkti hér. Þetta gerðis hér á vakt Sjálfstæðisflokksins. Þetta er nánast bara hlægilegt þessi málflutningur sem hér fer fram og að bera síðan við þessum fjárfestingum á Filippseyjum, sem eru einu fjárfestingarnar sem ráðist var í – einu hlutabréfin sem Orkuveitan keypti eða REI keypti á Filippseyjum og voru keypt í tíð Sjálfstæðisflokks, borgarstjóratíð Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar sem nú er hér hæstvirtur forseti. Það voru einu kaupin á hlutabréfum í þessu fyrirtæki Pnocedc - framkvæmd fyrir einhverjar 500 milljónir sem nú hafa verið seld. Voru seld að vísu með töluverðum afföllum, en hins vegar þá bættist það upp með því að gengið hafði líka fallið töluvert á íslensku krónunni, þannig að í íslenskum krónum að þá kom Orkuveitan nokkurn veginn slétt út úr þessum viðskiptum.

Og þegar að 100 daga meirihlutinn hér tók við að þá voru hér ýmsir lausir endar og voru ýmis verkefni í fullum gangi. Ég held að það hafi ekki verið stofnað til neinna nýrra verkefna í REI í tíð 100 daga meirihlutans. Það var samstarfssamningur á milli Geysis Green og REI um samstarf á Filippseyjum sem var til í tíð fyrsta meirihluta og það var verið að vinna eftir þeim samstarfssamningi. Það var búið að fjárfesta í þessum hlutabréfum til þess að undirbúa frekari kaup. Það er ekki gert með neitt annað í huga að fjárfesta í

Þessum hlutabréfum, menn voru ekki bara að leika sér að hlutabréfamarkaði þarna á Filippseyjum vona ég bara út af engu. En hins vegar kom ég hingað ekki upp til þess að ræða þetta en get bara ekki látið hjá líða að nefna þetta hér úr því að þetta er gert hér að umtalsefni.

En það sem ég vildi ræða var hér í framhaldi af ágætu svari borgarstjóra við fyrirspurn minni um hækkun gjaldskrár. Borgarstjóri svaraði því nokkuð heiðarlega að hún sæi fram á að það þyrfti að hækka gjaldskrár á næstu fjórum árum á næsta kjörtímabili og það er ágætt, en jafnframt sagði hún að það þyrfti ekki að hækka skatta. Og ég verð nú bara að segja það eins og er, ágæti borgarstjóri, að ég sé ekki alveg muninn á þessu tvennu. Ég sé ekki alveg í hverju prinsippið liggur. Ef menn eru hér tilbúnir að hækka gjaldskrár, t.d. gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur – gjaldskrár á rafmagni og heitu vatni, sem allir borgarbúar hér þurfa að nota, menn eru tilbúnir að hækka þær gjaldskrár – hvað er það annað en skattahækkun.

Ég tala nú ekki um þegar að verið er að greiða arð af fyrirtækinu inn í borgarsjóð. Hér á væntanlega að hækka arðgreiðslu frá Orkuveitunni einhvern tímann til svipaðs horfs og áður hefur verið og væntanlega mæta því með því að hækka gjaldskrár. Borgarsjóður tekur til sín meiri peninga, gjaldskrárnar hækka. Ég sé ekkert annað en að þetta séu dulbúnar skattahækkunir sem þá eigi að boða hérna og að þetta sé þá frekar óheiðarlegur málflutningur ef út í það er farið, að halda því fram sem einhverju stóru prinsippi að hér verði ekki hækkaðir skattar, en hins vegar sé allt í lagi að hækka gjaldskrár. Ég bara sé ekki muninn á því tvennu [frammícall, HBK] og ég er að reyna að átta mig á því hvað hún er að segja, mér heyrir hún hér vera að tala um að hún hafi ekki sagt að hún ætlaði ekki að hækka skatta. Ég held að hún hafi nú sagt að hún ætlaði ekki að hækka skatta, en hins vegar sæi hún fram á að það þyrfti að hækka gjaldskrár. Og ég er að segja það að ég sé ekki muninn á því þegar að um er að ræða gjaldskrár, eins og gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur sem allir hér þurfa að nota og tala nú ekki um á meðan að Reykjavíkurborg tekur við arðgreiðslum frá fyrirtækinu.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Þá hefur Ólafur F. Magnússon gera hér athugasemd í lokin, loka þessari umræðu.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þar sem ég var í raun og veru ekki langt kominn í ræðu minni hér áðan þegar að forseti sá sig knúinn til að stöðva mál mitt vegna tímaskorts, þá vil ég aftur minna á það, ég verð að gera það, að orsökina fyrir því að það er verið að skera niður til velferðarmála er óréttlát forgangsröðun, skammsýn og óréttlát forgangsröðum sem allir flokkar í borgarstjórn og allir borgarfulltrúar hafa tekið þátt í nema sá sem hér talar. Ég er þá að tala um flotræfilsverkefni, Tónlistar- og ráðstefnuhúsið og að hluta til vantar á að aðrir borgarfulltrúar séu líka samkvæmir sjálfum sér í umhverfis- og orkumálum. Af því að þegar að litið er yfir fundargerðir borgarstjórnar kemur í ljós að það hefur enginn verið samkvæmur sjálfum sér um atkvæðagreiðslu um lántökur til virkjanaframkvæmda nema sá sem hér talar. Og ég ætla að ljúka málinu með að lesa þrjár setningar, forseti, ef þú vildir leyfa mér það. Þrjár setningar sem ég hef skrifað hér niður á blað.

Forseti: Samþykkt, þrjár setningar.

Ólafur F. Magnússon: Á sama hátt og Kárahnjúkavirkjun átti mikinn þátt í fjárhagslegu hruni Landsvirkjunar sem er orðin staðreynd hafa lántökur Orkuveitu Reykjavíkur ekki síst í tengslum við orkusölu á undirverði til erlendra málmbreðslufyrirtækja sett fyrirtækið í vægast sagt erfiða fjárhagsstöðu. Undirritaður er og hefur verið eindreginn andstæðingur þessara lántaka, eins og sjá má af fundargerðum borgarstjórnar á þessu kjörtímabili. Ég vil enn og aftur minn á að fjárfestingar í ýmsum gæluverkefnum meirihlutans í Borgarstjórn Reykjavíkur og gríðarlegar lántökur tengdar því hafa sogað til sín fjármagn frá öðrum þáttum atvinnulífsins, sem mundu skapa miklu fleiri störf og verðmæti til framtíðar.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur komið á framfæri sinni stuttu athugasemd. Og að lokum tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil þakka fyrir þessa ágætu umræðu sem verið hefur hér um þriggja ára áætlun í dag og held að hún hafi skýrt margt og margt fram komið. En auðvitað eins og við ræddum hér í upphafi og ég gerði grein fyrir í fyrri ræðu minni að þá er ljóst, að þessi áætlun eins og kannski allar áætlanir á Íslandi í dag er þess eðlis að hún getur ekki boðað hinn endanlega sannleika, heldur verður að vera það plagg sem við styðjumst við og verðum jafnframt að vera reiðubúin að vinna með – kalla aðstæður á það.

Ég held að þessi þriggja ára áætlun sýni það og staðfesti eins og við öll vitum sem erum í þessum sal, að þjónusta Reykjavíkurborgar er í dag með því besta sem þekkest á Íslandi og þó miklu víðar væri leitað. Okkur hefur tekist ljómandi vel að standa vörð um það sem mestu skiptir þrátt fyrir að hér sé auðvitað ágreiningur um það með hvaða hætti nákvæmlega er best að gera það. Ég held að það sé mikilvægt að þessi áætlun sýni það líka sem skiptir okkur öll máli og borgarbúa miklu máli að sjóður sveitarfélagsins, borgarsjóður stendur sterkt og hefur gert það í langan tíma og er öflugur bakhjarl fyrir ekki bara borgarbúa, heldur líka þau fyrirtæki sem við þurfum að ábyrgjast og þá þjónustu sem við verðum að geta staðið vörð um.

Ég held að það sé alveg ljóst, eins og borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir kom hér inná, sem mér fannst nú reyndar hún gera með eilítið óskýrum hætti og biðst velvirðingar á því ef ég skildi það ekki rétt. En til þess að árétta það að þá er ég ekki sömu skoðunar og hún að það skuli jafna sköttum og gjaldskrá sam. Gjaldskrár hafa í gegnum tíðina verið þannig hjá Reykjavíkurborg að þær eru að hluta til háðar verðlagi og við þekkjum það öll að inn í borgarráð hafa reglulega komið breytingar á gjaldskrá sem ráðast af verðlagsþróun. Það er ekki þannig með skatta að þeir taki breytingum eftir verðlagsþróun og þannig hún getur svo sem kallað það öllum þeim nöfnum sem hún vill. En það sem ég sagði áðan í mínu svari var það, og við getum verið annarrar skoðunar um það, að Samfylkingin flytur hér tillögu ekki um að auka lántökur heldur um að ganga á lausafé borgarinnar [frammífall] og lántökur það er það sem Samfylkingin telur gott að

steypa borgarsjóði í enn frekari lán og það er þeirra afstaða. Og með sama hætti segi ég; að það er afstaða mín og míns flokks að skattar skuli ekki hækka á næsta kjörtímabili Reykjavíkur, það sé engin ástæða til að hækka skatta. Og það kemur því lítið við hvort að Sigrún Elsa Smáradóttir túlkar það, ég man ekki hvernig hún orðaði það, að gjaldskrárhækkunarir væru skattahækkunarir en það er svo sem öðruvísi með flokka sem að styðja mjög kröftuglega við bakið á skattahækkunum og kemur engum á óvart að það séu leiðir sem að þau vilji fara.

Það sem ég sagði varðandi gjaldskrárnar, svo að það sé skýrt er það; að gjaldskrár Reykjavíkur hafa staðið óbreyttar núna á annað ár og það er mjög gott og gjaldskrár Reykjavíkur eiga og við getum alveg tryggt það með okkar metnaði, að gjaldskrár fyrir þjónustu í Reykjavík séu með því lágsta sem þekkist. Sú er staðan nú að gjaldskrár í Reykjavík eru með því allra, allra lágsta sem þekkist. Og þannig eigum við áfram að hafa það og þannig getum við alveg haft það næstu fjögur árin ef við höldum vel á spilunum og spöðunum. En við getum það kannski ekki ef við göngum með sama hætti á lausafjárstöðuna eins og hér er boðað, en það breytir því engu um það og við teljum að skattar þurfi ekki að hækka, gjaldskrár eigi að vera áfram með því allra lágsta sem þekkist, það er metnaðurinn. En við getum ekki lofað því í fjögur heil ár sem framundan eru, af því að spurt var um kjörtímabilið, að það komi ekki til neinar verðlagsbreytingar þar. Það væri óraunhæft og í hæsta máta ómálefnalegt að stilla því upp þannig, þannig að það sé skýrt.

Svo vil ég bara að lokum þakka öllum þeim fjölmörgu sem komið hafa að þessu verkefni sem er auðvitað fyrst og síðast fjármálastjóri, borgarhagfræðingur, sviðstjórar og allt það starfsfólk sem að undir þá heyrir og til þeirra sem að þeim störfum kemur á vettvangi borgarstjórnar og legg til að frumvarpið verði samþykkt.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og þá hefur borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir óskað eftir að veita andsvar.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég held að þetta hafi verið mjög skýrt hjá mér, eins og ég bar þetta fram áðan, þegar að ég lýsti því að ég sæi ekki muninn á gjaldskrárhækkunum annars vegar og skattahækkunum hins vegar sérstaklega þegar að við værum að horfa á gjaldskrárhækkanir eins og hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Og ef að borgarstjóri skildi þetta ekki í fyrra skiptið að þá ætti hún kannski að einbeita sér að því núna að hlusta á mig í seinna skiptið. En Orkuveitan greiðir arð í borgarsjóð. Hann er núna um 800 milljónir og meðan að svo er að þá verður fyrirtækið að standa undir rekstri sínum, arðgreiðslunum til borgarinnar og til þess að standa undir rekstri sínum það gerir fyrirtækið væntanlega með sínum gjaldskrá og því sem það selur.

Og ég get ekki séð að það sé annað en skattahækkun ef að við síðan tökum arð af þessu fyrirtæki og látum það, út af því að við þurfum meiri peninga inn í borgarsjóð, þá standa undir sínum rekstri plús arðgreiðslunum með hérna þá gjaldskrá og þá væntanlega gjaldskrárhækkunum á næsta kjörtímabili, en að það séu í raun skattahækkanir. Þá erum við að hækka gjöld á fólk sem fólk neyðist til þess að borga í þessu landi, eins og hita og rafmagn og taka í okkar sameiginlegu sjóði ekki bara til reksturs þessa eina fyrirtækis heldur í okkar sameiginlegu sjóði, í borgarsjóð, tekjur. Og ég spyr þá í kjölfarið á þessu svari borgarstjóra hér áðan, treystir hún sér þá til að fullyrða það að hún ætli ekki að hækka arðgreiðslur verði hún hér áfram borgarstjóri á næsta kjörtímabili. Verða þær áfram 800 milljónir frá Orkuveitunni eða finnst henni eðlilegt að fara fram á hærri arðgreiðslur og að fyrirtækið verði að mæta því þá hugsanlega með hærri gjöldum til almennings. Er það annað en skattur?

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Svar mitt áðan snerist ekkert um að ég skildi ekki Sigrúnu Elsu, ég er bara ekki sammála hennar pólitík. Og Sigrún Elsa er oft búin að tala um þessar arðgreiðslur hjá Orkuveitunni og hvað hún telur þær mikilvægar og hvað hún telur mikilvægt að hækka gjaldskrárnar hjá Orkuveitunni og allt þetta. Og ég er alveg með það á hreinu að Sigrún Elsa Smáradóttir er hlynntari skattahækkunum og gjaldskrárhækkunum en ég, hún þarf ekkert að útskýra það fyrir mér. En ég er ekki sammála henni hvað það varðar og ekki sammála þeirri línu sem hún hefur tekið í því og þegar hún spyr; getur borgarstjóri fullyrt það, að þegar hún heldur hér áfram sem borgarstjóri að þá verði ekki auknar arðgreiðslur til Orkuveitu Reykjavíkur. Það er í samþykktum undirritað af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og fleirum fyrrverandi borgarstjórum með hvaða hætti skuli taka þessar arðgreiðslur.

Ég hef ekki hugsað mér þegar að ég held hér áfram sem borgarstjóri að leggja til breytingar á því – nei. Við höfum gefið afslátt í tvígang. Borgarfulltrúinn á bara að koma hreint fram og segja; ég vil ekki að Reykvíkingar fái arð frá Orkuveitu Reykjavíkur. Og það er líka komið að því borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir að segja hvað þú vilt og hvað Samfylkingin vill. Það eru endalausar spurningar og það er greinilegt að Sigrún Elsa Smáradóttir er fullviss um það að ég verð hér áfram borgarstjóri, hún er með engar efasemdir um það. Vegna þess að hún segir ekkert um hvað Samfylkingin er að gera heldur spyr hún bara stöðugt um það og ég svara því enn og aftur; skattar verða ekki hækkaðir ráði Sjálfstæðisflokkurinn hér áfram í Reykjavíkurborg. Þeir verða ekki hækkaðir á næsta kjörtímabili. Gjaldskrár verður haldið í algjöru lágmarki, en það væri ábyrgðarleysi að segja að það þyrfti ekki að líta til einhverra verðlagshækkana á þeim fjórum árum.

Orkuveita Reykjavíkur hefur ekki hugsað sér að hækka gjaldskrár á þessu ári og ég mun ekki leggja til breytingar á arðgreiðslum eða afgangi til Reykjavíkurborgar. Ég tel að Reykvíkingar eigi rétt á að fá afgang frá Orkuveitu Reykjavíkur, fyrirtækið er í samfélagseigu.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Og þá er umræðu lokið um þetta þýðingarmikla mál, sem er þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013. Þetta var síðari umræða sem að fram fór hér frá því klukkan tvö í dag. Og við þurfum að afgreiða hér breytingartillögu sem að flutt var af borgarfulltrúum Samfylkingar við þriggja ára áætlun um rekstur og framkvæmdir Reykjavíkurborgar áður en við göngum til þess að afgreiða frumvarpið og það er tillaga um þá málsmeðferð á breytingartillögunni sem að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson kynnti hér fyrir í dag, að henni verði vísað til aðgerðahóps borgarráðs. Þeir sem að styðja þá tilhögun vinsamlegast gefið merki. Einhver á móti. Tillagan er samþykkt með 8 atkvæðum, 7 borgarfulltrúar sitja hjá. Þá er komið að því að afgreiða frumvarpið um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013. Þeir sem að samþykkja frumvarpið eins og það liggur nú hér fyrir þessum borgarstjórnarfundi gefi merki. Skyldi einhver vera á móti. Þetta er samþykkt með 8 atkvæðum gegn 1 atkvæði og 6 borgarfulltrúar sitja hjá. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að gera grein fyrir sínu atkvæði.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Ólafur F. Magnússon: Forseti ég geri grein fyrir svohljóðandi bókun í tengslum við það að ég greiði atkvæði gegn þessari þriggja ára áætlun meirihlutans í Borgarstjórn Reykjavíkur. Svohljóðandi bókun er lögð fram, með leyfi forseta:

Þar sem í 3ja ára áætlun borgarinnar er ekki tekið með ákveðnum hætti á þeim óráðsúframkvæmdum og lántökum sem meirihlutinn stendur fyrir, greiði ég atkvæði gegn áætluninni.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson og gerir grein fyrir bókun B- og D-lista.

1. mál **Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða**

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég geri grein fyrir bókun meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks við afgreiðslu þessarar þriggja ára áætlunar.

Þriggja ára áætlun stendur vörð um ábyrga fjármálastjórn hjá Reykjavíkurborg. Þjónusta Reykjavíkurborgar er með því besta sem þekkist. Þrátt fyrir nauðsynlega hagræðingu í rekstri eftir góðari undanfarinna ára stendur Reykjavíkurborg áfram öflugan vörð um grunnþjónustu við borgarbúa og forgangsraðar í þágu barna, ungmenna og velferðar. Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar fyrir árin 2011-2013 sem samþykkt var í borgarstjórn í dag ber þess öll merki. Engar skattahækkningar eru fyrirhugaðar í Reykjavík samkvæmt þriggja ára áætluninni, hvorki gert ráð fyrir hækkun útsvars né fasteignaskatta, en haldið verður uppi atvinnustigi eins og kostur er í höfuðborginni.

Þriggja ára áætlun ber vott um ábyrga fjármálastjórn og einkennist af þeim nýju vinnubrögðum sem Reykjavíkurborg hefur innleitt við fjármálastjórnina. Áætlunin er varfærin sem ábyrgt er við þessar aðstæður og gert er ráð fyrir hallalausum rekstri borgarsjóðs allt tímabilið. Lögð er áhersla á að Reykjavíkurborg viðhaldi sterkri eiginfjárstöðu og hafi mikið handbært fé til að standa vörð um lánshæfi borgarsjóðs og tryggja greiðsluhæfi hans vegna skuldbindinga samstæðunnar. Reykjavíkurborg hefur sannarlega axlað mikla ábyrgð með því að halda uppi atvinnu og efna til mannaflsfrekra framkvæmda á meðan að mesta efnahagslæggðin gengur yfir. Enginn ágreiningur er uppi í Borgarstjórn Reykjavíkur um mikilvægi atvinnu og framkvæmda og hafa Reykjavíkurborg og dótturfélög hennar áætlað að á árinu 2010 að ráðast í arðbærar og mannaflsfrekar framkvæmdir fyrir um 26 milljarða kr. á sama tíma og ríkisvaldið leggur aðeins fram um 10 milljarða á landsvísu. Það vekur því athygli að varaformaður Samfylkingarinnar og einn helsti talsmaður ríkisstjórnarinnar Dagur B. Eggertsson skuli gera athugasemdir við framkvæmdir í Reykjavík, þegar að staðreyndir sýna að Reykjavíkurborg hefur staðið mun öflugri vörð um atvinnuástand og framkvæmdastig í núverandi efnahagsumhverfi en ríkisvaldið sem ætti þó í ljósi stærðar sinnar, hagstjórnarhlutverks og kröfu Samfylkingarinnar í borgarstjórn að gera mun betur. Að gera miklum mun betur.

Væri fyrirbyggjandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar samþykkt mundi það leiða af sér hallarekstur öll árin sem stríða gegn þeirri megin reglu sveitarstjórnarlaga að óheimilt er að leggja fram áætlun sem gerir ráð fyrir hallarekstri. Tillaga Samfylkingarinnar felur þannig ekki aðeins í sér brot á gildandi lögum heldur getur hún vegið að nauðsynlegum stöðugleika í rekstri borgarsjóðs, getu til að standa vörð um lánshæfi og tryggja greiðsluhæfi sem er nauðsynlegt við þessar aðstæður.

Eins og fram kemur í svari fjármálastjóra felst í svo mikilli lántöku mikil áhætta. Þannig að ljóst er að þessa tillögu yrði að fjármagna með öðrum hætti. Aðeins

Þrjár leiðir eru færar í því sambandi: Hækka skatta á borgarbúa, skera niður þjónustu eða ganga á lausafé borgarsjóðs.

Leið Reykjavíkurborgar út úr kreppunni getur ekki verið sú að borgin steypi sér í skuldir og hækki skatta. Slíkt væri óábyrgt við þessar aðstæður og leysir engan vanda heldur dýpkar hann og mun rýra lífskjör framtíðar kynslóða.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að gera grein fyrir bókun B og D lista. Borgarfulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar hafa áskilið sér rétt til að gera bókun og kynna hana síðar á fundinum. Þá er tekið fyrir mál númer 2 í útsendri dagskrá sem er; tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um hestadaga í Reykjavík. Og til máls tekur borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

[Bókanir og athugasemdir, fluttar síðar á fundinum]

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég geri hér grein fyrir bókun borgarfulltrúa Vinstri grænna vegna samþykktar á þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar og hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Frumvarp að þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar á árunum 2011-2013 er afskaplega rýrt og endurspeglar hvorki forgangsröðun né pólitíska sýn meirihluta borgarstjórnar. Þar gefur að líta fjölfaldaða fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2010 án sundurliðunar eftir sviðum, stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar, og án fyrirheita um forvarnir og/eða viðbrögð við áhrifum efnahagslæggðarinnar á starfsemi og rekstur borgarinnar. Ljóst er að á komandi árum munu áhrif efnahagsástandsins leiða til breyttra og aukinna krafna á fagsvið borgarinnar. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að pólitísk stefna sé skýr og skilmerkilega fram sett enda ber Borgarstjórn Reykjavíkur að axla ábyrgð á rekstri borgarinnar og velferð borgarbúa. Viðfangsefni komandi ára kalla á pólitískan kjark og dug en engin merki um slíkt er að finna í þriggja ára áætluninni. Í stað þess að horfast í augu við verkefni og axla ábyrgð kys meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks að stinga hausnum í sandinn og láta sem ekkert sé. Slík vinnubrögð geta hvorki talist ábyrg né framsækin af hálfu kjörinna fulltrúa.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu og gert grein fyrir bókun. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir og gerir grein fyrir bókun.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Oddný Sturludóttir: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég geri hér fyrir hönd borgarfulltrúa Samfylkingarinnar grein fyrir bókun við þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar:

Þriggja ára áætlun um fjárhag og rekstur Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir að samdráttur í framkvæmdum verði um 70% frá árunum 2009-2013. Þess má geta að árið 2008 var framkvæmt fyrir 10,3 milljarða en framkvæma á fyrir 1,3 milljarða árið 2013 samkvæmt áætluninni. Rétt er að minna á að til viðbótar niðurskurði í framkvæmdum hefur meirihlutinn þegar skorið niður í viðhaldi fasteigna úr 1323 milljónum 2008 í 734 milljónir á yfirstandandi fjárhagsáætlun eða um nær 50%. Enn meiri niðurskurður er í viðhaldi í umhverfi borgarinnar eða úr 1323 milljónum árið 2008 í 611 milljónir kr. á yfirstandandi ári. Þessar áherslur meirihlutans fela í sér að ekki verður ráðist í nein ný verkefni og framkallar framkvæmdastopp. Það gengur þvert á skynsamlega stefnu til að bregðast við atvinnuleysi og kreppu.

Sérstaka athygli vekur að gert er ráð fyrir að atvinnuleysi haldist í 11% allt tímabilið 2011-2013 án þess að það sjáist stað að meirihlutinn ætli að gera annað en að stöðva framkvæmdir til að bregðast við. Breytingartillaga Samfylkingarinnar við þriggja ára áætlun gerir ráð fyrir sömu upphæð til framkvæmda og sérstakri áherslu á meiriháttar viðhaldsverkefni á árunum 2011-2013 og á síðustu árum alls að upphæð 5,3 milljarða kr. á ári í stað þess 70% niðurskurðar sem fyrirhugaður er í fyrirbyggjandi frumvarpi. Þetta felur í sér 8,8 milljarða hækkun á fjármunum til framkvæmda og viðhalds á næstu þremur árum.

Ljóst er að Reykjavíkurborg getur ekki haldið uppi atvinnu- og framkvæmdastigi í borginni ein og sér. Jafnmikilvægt er að Reykjavíkurborg axli sína ábyrgð á að bregðast við erfiðri stöðu í atvinnumálum og sitja ekki aðgerðarlaus hjá. Að halda uppi framkvæmdastigi er eðlilegur hluti af því. Þríþætt rök eru fyrir því að viðhalda framkvæmdastigi næstu þrjú ár. Atvinnuleysi hefur aldrei verið meira í borginni. Spá Reykjavíkurborgar um að 11% atvinnuleysi verði viðvarandi og óbreytt til ársins 2013 undirstrikar mikilvægi þess að bregðast við. Kostnaður Reykjavíkurborgar við hvert prósentustig í atvinnuleysi hefur verið metinn 1 milljarður kr. í töpuðu útsvari og auknum velferðarútgjöldum. Útgjöld til atvinnusköpunar spara útgjöld til velferðarmála.

Hagstæð tilboð og lægri framkvæmdakostnaður í samdrættinum. Útboð að undanfögnu hafa verið umtalsvert undir kostnaðaráætlunum. Verk sem verður ráðist í næstu þrjú ár ættu því að vera ódýrari sem því nemur. Betra er því að framkvæma á samdráttarskeiðinu en eftir kreppu. Meira fæst fyrir hverja framkvæmdakrónu nú en eftir nokkur ár. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna viðhaldsframkvæmda. Viðhaldsverkefni eru mannaflsfrekustu framkvæmdirnar. Það gerir þær sérstaklega áhugaverðan kost í atvinnuleysi.

Bstj. 16. mars 2010

Til viðbótar hefur Alþingi samþykkt tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á verkstað fyrir sveitarfélög. Sérstaklega hagkvæmt er því að ráðast í átak í tímabæru viðhaldi við núverandi aðstæður. Viðhaldsframkvæmdir eru bæði hagkvæmur og góður kostur í kreppu.

Forseti: Borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir hefur gert grein fyrir bókun. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson tekur til máls.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mig langar að gera hér stutta athugasemd vegna bókana minnihlutans vegna þriggja ára áætlunarinnar kannski fyrst og fremst vegna þess að þær eru bornar upp í tvennu lagi og það vekur í raun og veru upp spurningar hvort að það er eitthvert ósætti innan minnihlutans í Borgarstjórn Reykjavíkur vegna þess að þegar að ég átti hlut að að minnihlutanum að þá sameinuðumst við yfirleitt um bókanir í öllum stórum málum. Þannig að spurningin vaknar hvort að minnihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur sé hættur að vinna saman að stórum málum og sameinast í stórum ákvörðunum, og það er vissulega umhugsunarefni núna í aðdraganda þessara kosninga sem framundan eru.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá hefur óskað eftir að gera stutta athugasemd borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

1. mál Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég get fullvissað borgarfulltrúa Óskar Bergsson um að það er bara hreint ljómandi stemning í minnihlutanum og hann þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af því. Við kusum að gera þetta svona að þessu sinni, en það kemur ekki í veg fyrir áframhaldandi gott samstarf og það er þrælskemmtilegt á þeim vettvangi.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá hefur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon óskað eftir að fá að gera stutta athugasemd.

1. mál Priggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013; síðari umræða

Ólafur F. Magnússon: Já, forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil gera býsna ákveðna athugasemd við ummæli Óskars Bergssonar hér áðan um að minnihlutinn í borgarstjórn, þrátt fyrir að hann tali skýrar en áður, og sé á einhvern hátt málefnalega eða hugsanalega ósamstæðari en áður var. Mín reynsla er sú að sérstaklega Framsóknarflokkurinn hefur verið mjög sveigjanlegur í samstarfi eða þeim hrossakaupum sem því fylgja oft. Þannig starfa ég hvorki í meirihluta eða minnihluta enda fékk ég að kenna á því þegar að sjálfstæðismenn vörpuðu mér fyrirvaralaust fyrir borð úr samstarfi við þá, sem hafði verið bundið rækilegum hnútum með undirskriftum og fyrirheitum, að þó að menn tali hreinskilnislega og jafnvel með mismunandi blæbrigðum og sérbókunum þá geta þeir á ýmsan hátt átt meiri málefnalega samstöðu heldur en virðist á yfirborðinu.

Ég hygg að ég standi miklu nær ... [forseti slær í bjöllu] Forseti, ég má gera athugasemd við ummæli ...

Forseti: Stutt athugasemd er ein mínúta á mann.

Ólafur F. Magnússon: En ég er að veita andsvar við ...

Forseti: Stutt athugasemd er ein mínúta á mann.

Ólafur F. Magnússon: Má ég klára tvær setningar, forseti, svo þetta hljómi ekki eins og rugl?

Forseti: Tvær setningar, já. Gjörðu svo vel.

Ólafur F. Magnússon: Þakka þér fyrir, forseti. Ég bara ítreka það að minnihlutinn var samhentur á yfirborðinu með hrossakaupum sínum á sínum tíma fyrst með Margréti Sverrisdóttur og síðan við Óskar Bergsson heldur en með mig innanborðs. En það er ekki allt sem sýnist í þeim efnum. Ég er bara einfaldlega vanur því að tala hreint en út en stunda ekki hrossakaup eða baktjaldamakk.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að gera tiltölulega stutta athugasemd. Þá hafa ekki fleiri óskað eftir því að gera stuttar athugasemdir.